

Eliza Reid er ekki upp á punt

Forsetafrú Íslands liggur ekki á skoðunum sínum.
– sjá síðu 10



UPPÁHALDS NÁTTÚRUPERLUR



Andrea Magnúsdóttir, fatahönnuður og stíldrottning Íslands, er ekki bara smekklegr þegar kemur að fatavali. Hún veit svo sannarlega hvar frelsið og fegurð er að finna í íslenskri náttúru.

1 Hvaleyrarvatn

Náttúruperla með einstaka orku í Hafnarfirði, þangað fer ég reglulega með gróðri vinkonu og tek hring eða hringi.



2 Sundlaugin á Hofsósi

Ein fallegasta sundlaug landsins með stórkostlegu útsýni yfir Skagafjörðinn og Drangey.



3 Dynjandi

Einn fallegasti foss landsins sem minnir mig alltaf á risastórt tjullpils eða brúðarkjól og ég hef einmitt gert stórt pils sem fékk nafnið Dynjandi.

4 Þórsmörk

Held að flestir sem þangað hafa komið séu sammála. Draumastaður í alla staði.

Einlægur aumingjaskapur

Af hverju í fjandanum er það sífellt talinn aumingjaskapur að sýna lágmarks-vott af einlægni og tilfinningum? Vera alvöru manneskja. Tala út fyrir tómleg augu. Sýna lit. Ástríðu. Eftirsjá. Reiði. Sorg. Vonbrigði. Von. Geta vafið sig í samkennd.

Það þarf ekki að hafa háskólagráðu í almanna-tengslum til þess að sjá að einlægni er það sem fleytir fólki áfram til lengdar. Hvort sem það er í pólitík, vinskáp, vinnu, ást eða foreldrahlutverkinu, þá er einlægni alltaf rétta leiðin. Ekki síst til þess að manni líki vel við sjálfan sig. Það er alltaf kostur.

Að því sögðu hef ég ítrekað verið kölluð meðvirk, barnaleg, stelpuleg, auli, ung og allt þar á milli í tilraun til þess að gera manneskjulegustu eiginleika mína að engu.

Það gerði því töluvert fyrir heimsmynd mína að heyra forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson, segja þessi fallegu orð á Bylgjunni í vikunni:

„Hvaða gagn er í því að hafa þykkan skráp þegar maður vill sýna tilfinningar sínar?“

BÚMM.

Hvað hefur þessi þykki skrápur svo sem gert annað en að ræna mann fegurstu eiginleikum mannskepnunnar? Að finna. Taka þátt í lífinu með tilheyrandi tilfinningum og upplifunum. Jújú, ég hef líka fengið kökk í hálsinn þegar það kom sér ekki vel og snöggroðnað í framan í launaviðtali, en er það til marks um hvað mæðir á manni?

Auðvitað þýðir ekki að vera með utanálíggjandi taugakerfi og væla yfir hverri einustu bleiuauglýsingu, þá væri líklega mun minni afkastageta víða um bæ, en það má kannski leyfa sér að finna aðeins og upphefja tilfinningar sínar. Hætta að tala sjálfan sig niður fyrir að



MYND/GETTY

reiðast, sárna eða gleðjast út fyrir það sem þóknast öðrum. Taka smá Kára á þetta, fara í fýlu, ræða málin og finna út úr þeim.

Líklega er þessi skrápur, sem ég hef reynt að koma mér upp af meiri ástríðu en innbúi mínu, ekki að gera neitt sérstaklega mikið fyrir mig. Ég hefði frekar átt að setja meiri kraft í að safna postulíni og mölva það þegar illa liggur á mér.

Líklega heilbrigðari útrás.

Ég þarf líklega að eignast ryksuguróbót fyrst. ■

Vanþakklátur ráðherra

SVART HÖFÐI

Heilbrigðisráðherra náði að skíta upp á bak í vikunni þegar hún móðgaði Kára fokkins Stefánsson í beinni útsendingu á upplýsingafundi almannavarnateymis ríkislögreglustjóra. Hvílíkt klúður. Hún fór með svakalega dramatíska ræðu, skreytta blúndum og pífum, þar sem hún þakkaði þríeykinu fræga, samfélaginu og nánast öllum heiminum, nema Kára Stefánssyni og Íslenskri erfðagreiningu. Svarthöfði hjó eftir þessu en hélt að hann væri einn á báti þar til Kári sjálfur steig fram og lýsti því yfir opinberlega að hann væri farinn í fýlu út í ráðherra og sóttvarnalækni og skammaðist sín ekkert fyrir að viðurkenna það.

Flott hjá þér, Kári. Svart-höfði stendur fast á því að þegar manni sárnar eða þegar maður reiðist út í náunga sinn, þá á maður að tala um tilfinningar sínar, frekar en að leyfa þeim að gerjast og súrna inni í líkama sínum. Þáttarstjórniandi Kastljóss kallar þig kannski ruglaðan, en hvað veit hann? Það er ekki barnalegt að segja satt, það er fullorðins. Það sem er barnalegt er að skilja út undan.


Íslensk erfðagreining steig inn í COVID-faraldurinn og létti undir með opinbera heilbrigðiskerfinu í skimunum. Ekki nóg með það, heldur söfnuðu þau saman upplýsingum, greindu og áttu því mikilvægt framlag í faraldursfræði COVID-19 á alþjóðagrundvelli. Litla Íslandið okkar var dásamað um allan heim fyrir litlu snjöllu víkingana sem

náðu tókum á faraldurinum á mettíma. Og Kári steig inn í ástandið eins og okkar eigin persónulegi Stjáni blái eftir þriðju dósina af spínati og hjálpaði okkur að redda málunum.

En hvað uppskar hann fyrir vikið? Vanþakklæti og tilætlunarsemi. Kára fokking Stefánsson var treystandi fyrir að taka því óréttlæti ekki þegjandi og hljóðalaust. Svart-höfði ber endalause virðingu fyrir honum og ættum við öll að gera það. Ekki það að Svarthöfði þurfi eitthvað að verja hann, Kári er til þess fullfær sjálfur. Hann kallaði heilbrigðisráðherra hrokafullt barn og sagðist hafa lokað á Þórólfi, eitt af þremur óskabörnum þjóðarinnar um þessar mundir. Til þess þarf hugrekki og staðfestu. Enda hafði hann engar þakkir fengið

fyrir framlag fyrirtækis síns og þar að auki var bara gengið út frá því að hann ætlaði að aðstoða við skimanir á Keflavíkurflugvelli. Án þess einu sinni að spyrja hann. Talandi um að grípa höndina þegar litli fingur er réttur.

Núna ætlar Svarthöfði fastlega að gera ráð fyrir því að auðmjúkur heilbrigðisráðherra bugti sig og beygi fyrir ofurmenninu Kára, biðjist afsökunar og þakki fyrir sig. Því okkur er flestum kennt frá blautu barnsbeini að þakka fyrir okkur. En kannski vildi heilbrigðisráðherra eigna hinu opinbera allan heidurinn af þeim árangri sem hefur náðst í þessari baráttu? Hún mun hins vegar hugsa sig um tvisvar áður en hún tekur Kára fokking Stefánssyni sem sjálfsögðum hlut. ■



Verið velkomin í Sælkerabúðina.

Við höfum opnað á Bitruhálsi 2.

Hjá okkur finnur þú úrvæls kjöt og meðlæti ásamt ostum, charcuteri & frábærum sælkeravörum.

Úrval af sósum og meðlæti



Steikur



Grillkjöt



Sparaðu ferðina

Pantaðu inn á www.saelkerabudin.is

Kveðja

Viktor & Hinrik

Finnur okkur á samfélagsmiðlum.



Sælkerabúðin Bitruhálsi 2

578-2255

MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Kristín Avon blæs á sögusagnirnar um faðerni dóttur sinnar: „Rétt skal vera rétt“ Áhrifavaldurinn Kristín Avon fékk nóg af sögusögnum um faðerni barns síns.

2 Tjaldferðalag unglinga breyttist í martröð á Selfossi – „Þau voru grátandi inni í tjaldi, umkringd þessu ógeði“ Unglingar í tjaldferðalagi á Selfossi urðu fyrir grófu áreiði ungra manna á tjaldsvæðinu og fengu enga aðstoð frá tjaldverði.

3 Baráttan um Bessastaði – Hvorn ætlar þú að kjósa? – Taktu þátt í könnuninni Lesendur DV fengu að kjósa sinn frambjóðanda í forsetakosningunum en valið stendur á milli sitjandi forseta, Guðna Th. Jóhannessonar, og svo stofnanda Hægri grænna, Guðmundar Franklín Jónssonar.

4 Þessi sjálfsmynd sendi hann beint í fangelsi – Sérð þú af hverju? Bandaríkjamadurinn Tarique Peters fór í frí til Hawai, þvert á sóttvarnareglur New York. Fyrir vikið var hann handtekinn og á yfir höfði sér allt að 700.000 króna sekt eða fangelsi í allt að eitt ár.

5 Yngsta móðir Íslands slær í gegn á TikTok Alda Jóhanna Hafnadóttir er yngsta kona sem hefur átt barn á Íslandi í seinni tíð, en hún var aðeins 12 ára þegar hún varð ófrísk og 13 ára þegar dóttir hennar fæddist. Alda er 29 ára í dag og dóttir hennar 16 ára, en saga hennar vakti mikla athygli á afþreyingarvefnum TikTok.

6 Sjáðu myndir af dýrasta sumarhúsi sem til sölu er Lúxussumarbústaður í Öndverðarnesi, Prastaskógi í Grímsnes- og Grafningshreppi er til sölu á litlar 89 milljónir.

7 Guðmundur ósáttur: „Hvaða erindi á þessi spurning í þáttinn?“ Guðmundur Franklín Jónsson forsetaframbjóðandi var spurður um ummæli sem hann hefði í fortíðinni látið flakka á netinu, meðal annars um þingmenn, og hvort þau sæmdu forseta.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Staðan svört hjá Bláa lóninu

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, tók þá erfiðu ákvörðun að segja upp 403 starfsmönnum hjá fyrirtækinu vegna mikils samdráttar og óvissu í ferðaþjónustunni. Vonast fyrirtækið til að geta ráðið sem flesta aftur þegar aðstæður batna. Starfsmenn sem ekki var sagt upp þurfa að gangast undir launaskerðingu sem verður hvað mest hjá forstjóra og stjórn. Engu að síður ætlar fyrirtækið að opna allar starfsstöðvar þann 19. júní eftir tæplega þriggja mánaða lokun þar sem fyrirtækið hefur verið nær tekjulaust.

Tveir frambjóðendur til forseta

Aðeins tveir bjóða sig fram til forseta 2020. Annars vegar sitjandi forseti, Guðni Th. Jóhannesson, og hins vegar Guðmundur Franklín Jónsson, stofnandi Hægri grænna. Kosningar fara fram þann 27. júní næstkomandi.

Yfirvöld sögð ósamvinnuþýð

Rannsóknarlögregluumaður spillingarlögreglunnar í Namibíu, Karl Cloete, bar fyrir dómi í Namibíu að mútugreiðslur í Samherjamálinu hefðu verið mun hærrí en áður var talið. Eins gagnrýndi hann íslensk stjórnvöld fyrir að reynast ekki hjálpleg við rannsóknina. Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari sagði í samtali við RÚV að COVID-19 faraldurinn hefði tafið fyrir framgangi málsins, en engum réttarbeiðnum frá Namibíu hafi verið hafnað.



Börn harðari af sér í COVID-19

Íslensk erfðagreining hefur staðfest getgátu sóttvarnalæknis um að börn eigi almennt auðveldara með að kljást við COVID-19 sjúkdóminn sem kórónaveiran veldur. Þau veikjast síður, smita síður og verða minna veik. Þetta kom fram á síðasta fundi almannavarnateymis ríkislögreglustjóra í bili á mánudag.



Landsliðsbúningi lekið

Puma hefur gert stóran samning við Knattspyrnusamband Íslands um nýja landsliðstreyju en ekki stendur til að frumsýna hana fyrr en í júlí. Hins vegar deildi Puma mynd með fréttatilkynningu um samninginn þar sem sjá má treyju sem margir netverjar telja vera hinn nýja búning.

Alvarlegt mál í Hafnarfirði

Karlmaður á þrítugsaldri liggur undir grun um að hafa brotið kynferðislega á tveimur börnum á frístundaheimili í Hafnarfirði, þar sem maðurinn starfaði. Manninum hefur verið vikið úr starfi meðan á rannsókn stendur en athygli vakti að Landsréttur taldi ekki efni til að maðurinn sætti gæsluvarðhaldi. Rannsókn málsins miðar vel, að sögn lögreglu.

Meira á
www.fjallalamb.is

Vertu viss um að velja
besta kjötið á grillið!



EVY
TECHNOLOGY

UVA

5 stjörnur



**ALLT AÐ 6 TÍMA
SÓLARVÖRN**

**beauty
shortlist
AWARDS
2018**

WINNER



www.bast-i-test.se/solkram

ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

Viðbætt kollagen, silkeextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

**Grunnformúlan er
læknisfræðilega skráð**



LÍKLEGRA AÐ BÖRN SÉU RANGFEÐRUÐ FYRIR 1970

Dramatísk breyting á tölum um rangfeðrun frá Íslenskri erfðagreiningu sést á árunum 1970–1990 þar sem hlutfallið fellur um 2 prósentustig.

Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Reglulega skýtur upp kollinum umræða um hversu algengt eða óalgengt sé að börn séu rangfeðruð og frægar eru sögur af þessu eða hinu barni sem þótti svo óskaplega líkt bóndanum á næsta bæ. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir það af og frá að slíkt sé eins algengt og menn vilji meina. Í október 2017 var haft eftir Kára í viðtali við visir.is að um 1 prósent þjóðarinnar væri rangfeðrað. Nýjustu tölur frá Íslenskri


erfðagreiningu sýna þó um 1,9 prósent að meðaltali, eða því sem nemur hátt í tvo af hverjum 100 einstaklingum. „Þá er búið að sía út þá sem hafa verið ættleiddir. Þetta er ívið hærra en ég hélt. Mismunurinn felst í því að ef tölurnar eru skoðaðar betur kemur í ljós að hlutfallið fer úr 3 prósentum 1970 í 1 prósent eftir 1990.“

Aðspurður um ástæður lækkunarinnar og hvort rekja megi hana til nýfundinnar síðferðiskenndar meðal landsmanna segir hann svo ekki vera. „Ég myndi frekar gera ráð fyrir að aukið aðgengi að getnaðarvörnum og slíku skýri mismuninn.“

Ýmislegt getur orðið til þess að fólk leiti uppruna síns en

allt frá augnlit eða blóðflokki getur verið sterk vísending um uppruna fólks.

Leiki vafi á faðerni barns er hægt að kalla eftir faðernisprófi í gegnum sýslumann sem skikkar þá viðkomandi í próf vilji hann ekki gangast undir það. Slíkt tekur allt að þrjú mánuði og felur í sér töluverðan kostnað sem faðirinn greiðir sé hann í raun faðir barnsins. Einnig er hægt að panta slík próf á netinu í gegnum síður á borð við dna-test.dk, en þess ber að gæta að prófin séu gæðavottuð. Með aukinni tækni er jafnvel hægt að panta próf sem segja til um hvort tvíburar séu eineggja og svokölluð ömmu- og afapróf. ■



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir rangfeðrun ekki algenga í dag.

MYND/ERNIR

Höfum til afgreiðslu flest allar gerðir nýrra HOBBY HJÓLHÝSA OG HÚSBÍLA

Með
stuttum
fyrirvara



NÝTT
m. kojum

Hobby 650Kfu Prestige

Með eftirfarandi aukabúnaði

- Eldunarbakaraofn með grilli
- Örbylgjuofn Dometic 20 ltr
- USB innstungur og einnig ljós í kojum með USB
- Gólfteppi sérsniðið
- Rafgeymakerfi með hleðslustöð
- Hobby Connect með appstýringu
- Sjónvarpsfesting
- Truma Combi 6 E miðstöð
- Tveggja þrepa vönduð áltrappa



Verð 5.350.000
með VSK skráð



Til
afgreiðslu
strax

Til sölu fyrir viðskiptavin

Hobby 560UL Premium

Lítið notað árg. 2019

Með eftirfarandi aukabúnaði

- Mover
- Rafgeymakerfi
- Rafm. gólfhiti
- Sjónvarpshattur með magnara
- Sólarsella 170 Watta
- Griótgrind
- Heildarburðargeta 2.000 kg., stærri dekk
- Tveggja þrepa áltrappa



Verð 5.600.000



Hobby 460 Ufe Excellent

Með eftirfarandi aukabúnaði

- 1.500 kg heildarburðargeta
- Rafgeymakerfi með hleðslustöð
- TFT aðgerðastjórnborð
- USB tengi
- Áltrappa 2 þrepa



Verð 4.190.000
með VSK skráð



Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson

bosal.is | Sími 777 5007 | boas@bosal.is | Hafnargötu 28 - 710 Seyðisfirði



Facebook: Bósal innflutningur

BYKO



Nýtt framkvæmda blað á byko.is

Þú getur sýnt þessum prentvörum og öðrum myndabreytum.



25% afsláttur af öllum flísum



25%

GROHE

Tilboð

Start Edge Eldhústæki, krómað **11.995**
15331369
Almennt verð: 15.995

Tilboð

GROHE



20%

Sturtuset
New Tempesta III.
7.995
15327794
Almennt verð: 9.995

30% afsláttur af öllum boröplötum



25% afsláttur af öllum ljósum



Krono Original High Quality



Nýtt í BYKO

20%

Tilboð

Steelworks eik harðparket 10mm, 157x628mm.
3.428 kr./m²
0113662
Almennt verð: 4.290kr./m²

GROHE

Tilboð

Eurosmart Handlaugartæki, krómað **10.995**
15323324
Almennt verð: 14.995



27%

Tilboð

Saval Handlaug á vegg, 45x27cm. **11.995**
13770354
Almennt verð: 14.995




20%



Vinnur þú **100.000** kr. inneign í BYKO?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalingar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram fyrir 17. júní og merktu #bykoheimili20

Soffía Dögg Garðarsdóttir hjá Skreytum hús og Karen Ósk Magnúsdóttir innanhúsráðgjafi verða gestadómarar. Fylgstu með leiknum á www.skreytumhus.is, á facebook síðu BYKO og Instagram



20% afsláttur

Blóm, tré og runnar



Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN



westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

www.bilanaust.is



Birta Björk Haraldsdóttir og samnemendur hennar segjast í óvissu. Hér eru þau í Berlín. MYND/ADSEND

ENGIN ÚTSKRIFTARFERÐ, ENGIN ENDURGREIÐSLA

Útskriftarnemar sem áttu bókaða ferð hjá Tripical eru ósáttir við að fá ekki strax endurgreiðslu. Eigandi Tripical segist einnig vera í miklum vanda.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Ferðaskrifstofan Tripical sendi útskriftarnemum í Borgarholtsskóla tölvupóst daginn fyrir útskriftarferð til Krítar þar sem ferðinni var aflýst. Útskriftarnemendur í Menntaskólanum við Sund eiga bókaða ferð með Tripical til Krítar þann 4. júní. Birta Björk Haraldsdóttir, sem er að útskrifast af félagsfræðibraut, segir nemendur við MS engin skýr svör frá Tripical varðandi ferð þeirra. „Þessi óvissa veldur útskriftarnemum kvíða og streitu,“ segir hún.

Beðið eftir ráðherra

Í pósti frá Tripical til nema í Borgarholtsskóla segir að stefna fyrirtækisins sé að efna samninga um ferðir við alla viðskiptamenn félagsins eftir því sem frekast er unnt, færa ferðir með samkomulagi við hópa eða bjóða þeim inn eignarnótur til 12 mánaða.

„Í því sambandi viljum við vekja athygli á því að nú er til meðferðar fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um endurgreiðslur til farþega vegna pakkaferða sem ekki verða farnar á tímabilinu frá 15. mars til 30. júní á þessu ári, sbr. þingskjal 1256, mál nr. 727. Í frumvarpinu felst, verði það að lögum,

að ferðaskrifstofum verður heimilt að endurgreiða ferðamanni greiðslur sem hann hefur innt af hendi með inn eignarnótu til 12 mánaða sem heimilt verður að innleysa að þeim tíma liðnum hafi hún ekki verið nýtt. ... Verði frumvarpið að lögum, sem telja verður líklegt með vísan til framangreinds, myndi það því taka til útskriftarferðar Borgó til Krítar.“

Samkvæmt samtölum blaðamanns við útskriftarnemendur í Borgarholtsskóla er áhugi á inn eignarnótum takmarkaður, heldur vilja nemendur einfaldlega fá endurgreitt.

Frumvarp veki falskar vonir

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að frumvarp séu ekki lög og að ferðaskrifstofum rétt eins og öðrum beri að fylgja landslögum. „Það er mjög bagalegt að þarna hangi inni frumvarp og í rauninni engum til góðs því þetta veitir ferðaskrifstofum í raun falskt yfirvarp til að skýla sér á bak við. Það veitir þeim líka falska von því það er ekkert sem staðfestir að þetta frumvarp verði að lögum,“ segir hann.

Varðandi póstsendingu um að ferð nema við Borgarholtsskóla sé aflýst aðeins degi fyrir brottför segir hann að samkvæmt pakkaferðalögum verði að aflýsa ferðum með tilhlýðilegum fyrirvara. „Það lá lengi fyrir að það yrði ekki flogið á þessum tíma,“ segir

hann en útskriftarnemar í Borgarholtsskóla áttu bókað flug út 25. maí.

Elísabet Agnarsdóttir, eigandi Tripical, segir það miklu skipta fyrir ferðþjónustufyrirtæki að frumvarpið verði að lögum og bendir á að samþærileg lög hafi þegar farið í gegn í nágrannalöndum okkar. „Okkur þykir leitt að nemendur upplifi sig í óvissu. Við erum það hins vegar líka. Tripical er lítið fjölskyldufyrirtæki og við viljum gera okkar besta fyrir viðskiptavinum,“ segir hún.

Meðal þess sem þau hafa boðið útskriftarnemum er að fara í ævintýraferð innanlands í staðinn.

Birta segir að um 150 útskriftarnemendur við MS hafi bókað útskriftarferð hjá Tripical og allir hafi borgað hana að fullu, en lægsta gjaldið var 170 þúsund krónur. „Tripical er því með að lágmarki 26 milljónir króna bara frá okkur í MS. Ég var heilt sumar að safna mér fyrir þessari ferð,“ segir hún.

Elísabet hjá Tripical bendir hins vegar á að fyrirtækið sé ekki með neitt af þessum peningum hjá sér. „Við erum búnin að greiða út til flugfélaga, hótela og annarra birgja fyrir nokkrum mánuðum síðan en það verðum við alltaf að gera til að tryggja hótél, flug og fleira. Þessir aðilar neita að endurgreiða okkur og erum við því í miklum vanda,“ segir hún. ■

NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU!



Verð 10.990 kr.



Verð 18.990 kr.



Verð 9.990 kr.



Verð 17.990 kr.



Verð 21.990 kr.



Verð 18.990 kr.

KÍKTU TIL OKKAR Í NÓATÚN 17
EÐA Á WWW.MOMO.IS
TIL AÐ SKOÐA ÚRVALIÐ

MOMO

PÓSTSENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND SEM ER



Launalaust óskilgreint starf

Eliza Reid tók þá ákvörðun að vera virk í hlutverki sínu. Maki forseta Íslands er ekki á launaskrá hjá embættinu og hefur engum skilgreindum skyldum að gegna.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Rödd mín hefur alltaf verið sterk. Það er kannski ákveðin kaldhæðni fólgin í því að hún fær nú að hljóma víðar vegna árangurs sem maðurinn minn hefur náð. Ég ákvað hins vegar að nýta mér það púlt sem ég hef fengið. Það er ekki aðalatriðið hvernig ég komst hingað, heldur hvað ég geri meðan ég er hérna," segir Eliza Reid. Hún er eiginkona Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, en hún er líka svo margt annað, og var þegar orðin svo margt annað áður en Guðni var kjörinn forseti fyrir fjórum árum.

„Ég er stolt af því að vera konan hans, eins og hann er stoltur af því að vera maðurinn minn. Það getur þó verið skrýtið að vera stundum helst

þekkt fyrir að vera eiginkona einhvers. En eins og flestir Íslendingar er ég með marga hatta. Ég er líka frumkvöðull, blaðamaður og rithöfundur, móðir og innflytjandi. Ég er Eliza.“

Hvíta dragtin táknræn

Engar reglur eru til um hlutverk maka forseta Íslands en Eliza ákvað fljótt að vera virk, vera sýnileg og leyfa rödd sinni að heyrast, með kanadíska hreimnum. Það er varla tilviljun að hún tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara á Bessastöðum í hvítri dragt, þeirri sömu og hún klæddist þegar Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, var hér í opinberri heimsókn á síðasta ári.

Eliza tjáði sig aldrei um ástæðu þess að hún klæddist þá hvítri dragt en dragtin fangaði sannarlega athygli fjölmiðla, sem bentu á að fyrr á árinu hefðu bandarískar þingkonur fjölmennt á þing-



Eliza hefur haldið rekstri eigin fyrirtækis með óbreyttu sniði síðustu ár.
MYND/VALLI

“Ég er líka frumkvöðull, blaðamaður og rithöfundur, móðir og innflytjandi.

starfsaðilum íslenskra fyrirtækja. Þetta kom illa við suma sem fannst ekki við hæfi að forsetafrú tæki að sér launað starf þar sem hún hefði nú feikinóg að gera við að fylgja eiginmanninum í hans störfum.

Eliza segir að þau viðbrögð sem hún persónulega hafi fengið vegna þessa hafi verið mjög jákvæð. „Ég hef auðvitað sinnt mínum starfsferli síðan löngu áður en Guðni varð forseti og rek mitt eigið fyrirtæki,“ segir hún og vísar þar til Iceland Writers Retreat.

„Mér finnst mjög skemmtilegt að vinna fyrir Íslandsstofu. Ég hafði fyrir mikla reynslu af því að kynna Ísland á erlendum vettvangi og ég held að það sé kostur í þessu starfi að ég sé af erlendum uppruna því eins og menn segja, glögg er gests augað.“

Nú er mikilvægara en oft áður að kynna Ísland sem land tækifæranna og land framtíðarinnar. Ég er ekki talsmaður einstakra fyrirtækja heldur snýst þetta um að vera talsmaður fyrir Ísland, því velmegun okkar byggir á útflutningi vara, hugvits og menningar. En ég fer líka líka enn í opinberar heimsóknir með Guðna hérlandis og erlendis, er verndari fjölda samtaka hér á landi, flyt fjölmörg ávörp og sækji fjölmarga viðburði. Ég sinni þessum sjálfbodaðaverkefnum áfram þó ég bæti þessu verkefni við,“ segir hún.

Alzheimersamtökin, Samtök lungnasjúklinga, SOS barnaþorp, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Pieta-samtökin og kokkalandslíðið eru dæmi um samtök þar sem hún er verndari. Árið 2017 var hún útnefnd sérlegur sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna fyrir ferðamennsku og sjálfbærni-markmið.

Mín ákvörðun að vera sýnileg

Spurð hverju hún sé stoltust af á þeim fjórum árum sem hún hefur verið forsetafrú segir Eliza að það sé þáttur hennar í að móta það óskilgreinda hlutverk sem maki forseta hefur. „Þar sem ég er kvenkyns maki hefur mér fundist mikilvægt að sýna að ég er ekki skraut mannsins míns heldur kona með mína eigin rödd og

eigin skoðanir sem vill gera samfélaginu gagn. Auðvitað er mikill heiður og forréttindi að gegna þessu hlutverki, og fyrir það er ég mjög þakklát. Fyrri makar forseta hafa allir verið kvenkyns og staðið sig afar vel í sínu hlutverki.

Það er ekki til nein handbók um hlutverk maka forseta og sem slíkur er ég ekki skuldbundin til að gera neitt. Það var mín ákvörðun að vera sýnileg og ég reyni að gera mitt besta á hverjum degi.

Mér finnst mikilvægt að ef þjóðhöfðingi á maka, sem að sjálfsögðu er ekki nauðsynlegt, þá geti makinn sjálfur tekið ákvarðanir um verkefni sín. Þegar við förum saman í opinberar heimsóknir og Guðni fer á sína fundi þá fer ég á mína fundi þar sem ég ræði mál sem skipta mig máli. Ég myndi aldrei vilja skilgreina þetta hlutverk fyrir maka komandi forseta en fyrir mig var mikilvægt að hafa þennan valkost.“

Aðspurð hvort það sé eitt hvað sem hún sjái eftir á þessum fjórum árum á Bessastöðum segist Eliza almennt vera jákvæð manneskja sem kjósi frekar að læra af mistökum en að dvelja við þau. „Við gerum öll mistök og ég trúir því að þá reynum við að vera heiðarleg, biðjumst afsökunar á mistökum okkar og drögum af þeim lærdóm. Þannig vil ég lifa mínu lífi,“ segir hún.

Hvar er konan þín?

Mikla athygli vakti grein eftir Elizun sem birtist í The New York Times í fyrra þar sem hún fjallaði um hlutverk sitt sem forsetafrú og skrifaði meðal annars: „Ég er ekki handtaska mannsins míns, sem má grípa í þegar hann hleypur út um dyrnar og stilla á upp hljóðlega við hlið hans við opinbera viðburði.“

Aðdragandi greinarskrifanna var meðal annars óvænt upplifun hennar á einstaka viðburðum sem hún hefur sótt með Guðna. „Þegar ég hitti fólk í fyrsta skipti finn ég strax hvort það sér mig sem manneskju eða hvort það sér mig sem eiginkonu mannsins míns. Það hefur komið upp að Guðna hefur verið boðið á viðburð og fólk spyr hann undrandi af hverju konan hans sé

pallana íklæddar hvítum drögtum til heiðurs konum sem barist hafa fyrir kvenfrelsi og jafnrétti. Það var í þessari sömu heimsókn Pence sem regnbogafánar voru dregnir að hún víða í nágrenni Höfða en kvenfrelsi og réttindi hinsegin fólks hafa ekki verið hátt skrifuð hjá varaforsetanum bandaríska.

Bæði Eliza og Guðni báru regnbogaarmband þegar þau hittu Pence en Guðni ber alltaf þetta armband ásamt armbandi frá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Rekur enn eigið fyrirtæki

Eliza Reid fæddist í Kanada árið 1976 og er alin upp í útjaðri Ottawa ásamt tveimur bræðrum þar sem fjölskyldan hélt hænur, endur og íslenskar kindur. Hún lauk gráðu í alþjóðasamskiptum frá Torontoháskóla en kynntist Guðna

þegar þau voru við nám í Oxford-háskóla á Englandi, þaðan sem hún lauk meistaraþráðu í nútímasögu. Bæði voru þau í róðrarliðinu og renndi hún hýru auga til hans, en fyrsta stefnumótið kom til eftir happdrætti sem var hluti af fjáröflun róðrarliðs Guðna. Síðan varð ekki aftur snúið og Eliza flutti með honum til Íslands árið 2003.

Um tíma var Eliza ritstjóri flugtímarits Icelandair og blaðamaður hjá Iceland Review. Áður en hún varð forsetafrú kom oft fyrir að erlendir fjölmiðlar leituðu til hennar vegna fréttu sem tengdust Íslandi.

Hún er annar stofnenda Iceland Writers Retreat, ritlistarbúða fyrir rithöfunda alls staðar að úr heiminum, sem koma hingað til að sækja námskeið í skrifum en einnig kynnast sögueyjunni Íslandi. Fyrirtækið var á lista áhuga-verðustu sprotafyrirtækja

landsins hjá Frjálsri verslun sama ár og Eliza flutti á Bessastaði.

„Ég hef haldið rekstrinum áfram með óbreyttu sniði síðustu ár. Stundum hefur það komið þáttakendum á óvart þegar þeir komast að því að forsetafrúin sé að útdeila nafnspjöldum og upplýsingabæklingum. Þetta er gefandi og skemmtilegt starf sem ég mun sannarlega sinna áfram,“ segir Eliza. COVID-19 hefur þó sett sitt strik í reikninginn varðandi ritlistarbúðirnar í ár, sem halda átti í apríl en nú er í skoðun að halda þær í haust.

Glögg er gests augað

Í október á síðasta ári var tilkynnt að Íslandsstofa hefði gengið frá samkomulagi við Elizun um að hún verði talsmaður Íslandsstofu á völdum viðburðum árlega erlendis og vinni með stofnunni að kynningu á íslensku atvinnulífi gagnvart fjölmiðlum og sam-

ekki með. Eins og ég skrifaði þá er ég ekki handtaska sem hann dregur með sér. Ef mér er ekki boðið þá mæti ég auðvitað ekki. Ég er ekki til skrauts.“

Stolt af auðmýkt Guðna

Eliza hefur lýst því yfir að hún sé femínisti og henni finnst mikilvægt að á Bessastöðum sé fólk sem finnst jafnrétti mikilvægt. „Í raun er alveg sama hvaða orð fólk notar yfir það. Að vera femínisti þýðir fyrir mig að styðja jafnréttismál og jafnrétti allra kynja. Mér finnst frábært ef ég hef náð að hvetja einhverjar konur til að láta rödd sína heyrast.“

Karlmenn þurfa líka að losna úr viðjum staðalímynda og þeir eiga að fá rými til að sýna tilfinningar. Það er ekki til fyrirmyndar þegar aðalgildi karlmennskunnar er að vera sterkur. Sem móðir þriggja drengja er ég mjög meðvituð um kynjuð gildi. Ég verð hvað stoltust af Guðna þegar hann sýnir auðmýkt, sem er mikilvægur eiginleiki. Allt er þetta hluti af jafnréttisbaráttunni.“

Hlífa börnunum við kastljósinu

Saman eiga Eliza og Guðni fjögur börn, Duncan Tindur er 13 ára, Donald Gunnar er 11 ára, Sæþór Peter er 9 ára og Edda Margrét er 7 ára. Þá á Guðni dótturina Rut með fyrri eiginkonu sinni, Elínu Haraldsdóttur.

Spurð hvernig þau hjónin hafi útskýrt kosningabaráttuna fyrir yngri börnunum og að útkoma kosninga hafi mikil áhrif á daglegt líf fjölskyldunnar, segir Eliza að börnin hafi alltaf verið upplýst um að pabbi þeirra hafi aðeins verið kjörinn til fjögurra ára. „Við höfum útskýrt að kjörtímabil sé í fjögur ár og síðan sé hægt að bjóða sig fram aftur. Það sé hins vegar í höndum fólksins í landinu sem ákveður hvern það vill hafa sem þjóðhöfðingja. Þetta sé því ekki okkar ákvörðun. Við höfum haldið uppi jákvæðri umræðu um mikilvægi lýðræðisins þannig að kosningarnar eru ekkert sem kemur þeim á óvart.“

Hún tekur fram að þau vilji almennt hlífa börnunum við opinberu kastljósi. „Þau fóru aldrei í framboð og eiga rétt á sínu einkalífi,“ segir hún. Eliza tekur þó fram að fjölskyldan njóti þess mikið að fara saman í sund og þegar þau ferðist saman innanlands reyni þau alltaf að heimsækja sundlaugarnar. Á ferðalögum um landið hlusta þau síðan saman á tónveituna Spotify þar sem allir hafa lagt í þúkk fyrir einn stóran spilunarlista.

„Ég nýt þess alltaf að ferðast um Ísland. Ég hef fengið tækifæri til ferðalaga sem forsetafrú en ég ferðaðist líka mikið um landið þegar ég var blaðamaður hjá Iceland Review. Það er kannski orðin hálfgerð klisja en Ísland er svo afskaplega fallett



„Að vera femínisti þýðir fyrir mig að styðja jafnréttismál og jafnrétti allra kynja.“

MYND/VALLI

„Ef mér er ekki boðið þá mæti ég auðvitað ekki.“

land. Það kemur mér sífellt á óvart,“ segir hún.

Hlakkar til kosningabaráttunnar

Kosningabaráttan nú markar ákveðin tímamót en Eliza segir að kjörtímabilið hafi verið fjótt að líða. „Ég á afar góðar minningar frá kosningabaráttunni 2016. Það er ákveðið ævintýri að taka þátt í framboði og virkilega gefandi að hitta fólk um allt land. Ég hlakka mikið til. Aðstæður í samfélaginu eru þó ólíkar nú


og kosningabaráttu smærri í sniðum.“

Ég held að flestir viti hvað við Guðni stöndum fyrir. Við viljum gjarnan halda starfinu áfram og þess vegna býður Guðni sig fram á ný. Við getum öll verið þakklát fyrir að búa í lýðræðissamfélagi og við það tækifæri sem forseta kosningar veita. Nú ræður almenningur. Við höfum gert okkar besta, verið jákvæð og heiðarleg, og verðum sáttt við niðurstöðuna hver sem hún verður.“ ■


NÝJAR KILJUR

Eitthvað fyrir alla í helgarlesturinn

Næsta ævintýri Hungurleikanna er hafið! Forsagan sögð í bók sem er að slá í gegn um heim allan.



Jack Reacher er mættur aftur til leiks í bók sem grípur þig heljartökum strax frá upphafi



Heillandi saga um krossgötur lífsins, ást og hamingjuleit eftir höfund *Dag einn í desember*



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

Stjúpan er drottning sumarblómanna

Úrval sumarblóma er sífelld að aukast hér á landi. Flest dafna þau vel ef þau fá sól og skjól.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Það er óvirklegt merki um að sumarið sé komið þegar stjúpanar verða áberandi bæði í gördum og blómakerjum. Þær eru meðal harðgerustu sumarblómanna og afskaplega vinsælar. Í raun eru stjúpur framræktað afbrigði af fjólunni sem einnig stendur flest af sér.

Tugþúsundir spjalla um garðyrkju

Við leitum ráða hjá Vilmundi Hansen, garðyrkju- og grasafræðingi, um hvernig sé best

að hugsa um sumarblómin. Vilmundur sér um Facebook-hópinn Ræktaðu garðinn þinn þar sem tæplega 40 þúsund manns ræða garðyrkju. Hann er enn fremur umsjónarmaður samnefnds þáttar í hlaðvarpi Bændablaðsins, Hlöðunni.

Vilmundur er afar hrifinn af stjúpum og segir með ólíkindum hvað hún sé duglegt sumarblóm. „Hún er drottning sumarblómanna. Ekkert sumarblóm kemst nálægt henni í vinsældum og hún er líklega það sumarblóm sem hefur verið ræktað hér hvað lengst,“ segir hann.

Garðar orðnir skjólsælli

Að sögn Vilmundar er úrval



Vilmundur Hansen lifir og hrærist í heimi blómanna.

MYND/ANTON BRINK

sumarblóma sífelld að aukast og fólk að verða áræðnara þegar kemur að því að setja niður nýjar plöntur. Sem dæmi um vinsæl blóm eru flauelsblóm, brúðarauga, skrautnál og daggarblóm. Sólboði er tiltölulega ný planta hér á landi, hann er afar harðger og dregur saman krónu-

blöðin þegar sól fer að halla. Þeir allra hugrökkustu eru síðan farnir að planta niður fúksú, sem einnig er þekkt undir hinu völduga nafni blóðdropi Kristis. „Fólk er farið að búa þannig um garðana hjá sér að þar er meira skjól og því fleiri plöntur sem þar dafna,“ segir Vilmundur.

Flest sumarblóm þurfa á því sama að halda til að dafna: Sól og skjól. Öll sumarblóm eru fallettri ef þau fá næga sól. Skjólíð er síðan mikilvægt þar sem hér er oft vindasamt og því hávaxnari sem plönturnar eru því meira skjól þurfa þær til að leggjast ekki á hliðina. ■

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



ÞEGAR VIÐ SETJUM NIÐUR SUMARBLÓM

Það er alltaf gott að stinga upp í garðinum og jafnvel blanda moldina með smá svörtum sandi til að léttja hana, hvort sem það er í kerjum eða garði. Þá er gott að blanda lífrænni mold á borð við hænsnaskít eða þörungamjöl við moldina.

Vilmundur segir draumastöðuna að stinga moldina upp og blanda hana daginn áður en blómin eru sett niður. Um miðjan júlí er síðan ágætt að gefa þeim smá áburð. Þá er mikilvægt að vökva reglulega í þurrkatíð, líkt og var víða síðasta sumar.



BLÓM TIL AÐ BORÐA

SKJALDFLÉTTA Sterkt piparbragð. Gefur fallegan svip á salat.

MORGUNFRÚ Appelsínugul krónublöðin eru góð í pottrétti.

FAGURFÍFILL Blöðin henta vel í salat. Líka góð til skrauts.

FJÓLUR OG STJÚPUR Notaðar til að skreyta tertur og smurbrauð.

SKRAUTKÁL Gefur grænkáli ekkert eftir hvað bragðgæði varðar.

VILDARKORT

LIND
FASTEIGNASALA

- FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á **FASTLIND.is**



LIND Fasteignasala
**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**

Trausti Salvar
Kristjánsson
traustisalvar@eyjan.is



Nú þegar tvísýnt er um örlög Icelandair vegna áhrifa kórónuveirunnar hafa flugfélögin Play og Bláfugl verið nefnd til sögunnar um að halda uppi flugi til og frá landinu. Baldvin Már Hermannsson, forstjóri Atlanta, segir að viðskiptamódel þeirra henti ekki aðstæðum hér á landi og því hugsu hann sér ekki gott til glóðarinnar vegna vandræða Icelandair:

„Í rauninni ekki, nei. Auðvitað fylgjumst við með stöðunni, en við erum í allt öðrum rekstri en þeir. Við höfum verið að einbeita okkur að blautleiguverkefnum erlendis og vélarnar okkar henta ekki þessu leiðakerfi sem Ísland þyrfti á að halda og viðskiptamódelið er einfaldlega gjörólíkt. Það hefur áður komið til tals hjá okkur að nýta Ísland sem stopp á milli Evrópu og Bandaríkjanna, en það hefur aldrei neitt orðið úr því. Ég sé helst fyrir mér að það væri fýsilegasti kosturinn, en eins og staðan er nú sé ég ekki að þörfin kalli á slíkar breytingar. Því sjáum við ekki tækifæri í raunum Icelandair.“

Baldvin telur raunhæft að Icelandair bjargi sér úr erfiðleikum:

„Þetta er lítið land og maður þekkir vel til þarna hjá þeim. Ég ætla að hafa trú á þeim, þarna er margt öflugt og gott fólk. Maður vonar að þeir klári þetta. Þeir voru á réttri leið áður en kórónuveiran skall á og það er engin ástæða til að ætla annað, þegar markaðir taka við sér, að stefnan verði aftur upp á við hjá þeim.“

Stórt skarð að fylla

Baldvin segir það erfitt verk að ætla sér að fylla skarð Icelandair, fari allt á versta veg: „Það kemur enginn inn og stekkur í skóna hjá Icelandair á augabragði, hvorki innlend né erlend félög. Play getur orðið góð viðbót fyrir íslenskan markað, líkt og WOW var á tímabili. En þeir eru aldrei að fara að ná sama leiðakerfi og umfangi á skömmum tíma, sem tók Icelandair fjölda ára að byggja upp. Ég gæti vel trúað að þeir nái að hasla sér völl ef þeir fara sér ekki of geyst, þarna er fólk með reynslu og veit hvað það er að gera. Hvað Bláfugl varðar, þá gætu þeir mögulega aukið tíðni fraktflutninga til og frá landinu, en ég á síður von á að þeir horfi til farþegaflugs.“

Erfið staða Atlanta

Lítið fer fyrir starfsemi Air Atlanta hér á landi, þar sem félagið flýgur hvorki með farþega né frakt til og frá landinu. Áhrif kórónuveirunnar ná þó víða: „Staðan er ekki góð, hún er erfið. Farþegaflug er alla jafna uppistaðan í okkar viðskiptamódeli. Í rauninni má segja að í gegnum tíðina komi 65–70 prósent tekna



Baldvin segir tekjur félagsins hafa hríðfallið síðustu vikur og frekari taprekstur blasi við líkt og hjá öðrum flugfélögum. MYND/ANTON BRINK

SJÁUM EKKI TÆKIFÆRI Í RAUNUM ICELANDAIR

Íslenska flugfélagið Atlanta hyggst ekki stíga inn á íslenska flugmarkaðinn fari svo að Icelandair falli, hvorki í farþega- né fraktflugi.

„Það kemur enginn inn og stekkur í skóna hjá Icelandair á augabragði, hvorki innlend né erlend félög.“

okkar úr farþegafluginu. Við vorum með sjö fraktvélar og átta farþega vélar í gangi áður en veiran skall á í mars, en farþega vélar stöppuðu allar í kjölfarið. Það hefur því verið verulegt rekstrartap hjá okkur vegna þessa og við teljum að ekki rofi til í farþegafluginu hjá okkur fyrr en í besta falli í lok árs en sennilega ekki fyrr en á næsta ári,“ segir Baldvin.

Atlanta nýtti sér hlutabótleiðina í apríl og maí, þó svo félagið sé ekki með rekstur hér á landi. Baldvin segir að tekjufallið í apríl hafi verið rétt rúmur milljarður og tapið í mars um 2,2 milljónir dollara: „Þetta bitur vissulega í.“

Gæti verið verra

Baldvin nefnir að staðan gæti þó verið verri þar sem félagið réðst nýlega í endurnýjun á fjórum flugvélum: „Já, við vorum að gíra okkur upp í

rekstur 18 véla úr 15 fyrir örfáum vikum. Í dag erum við aðeins að reka 7–8 vélar. Ef við hefðum ráðist í þetta tveimur vikum fyrr væri staðan allt önnur og félagið í virkilega vöndum málum, með risastórar leiguskuldbindingar og lítið tekjustreymi. En blessunarlega náðum við að setja samningana á ís.“

Fraktin til bjargar

„Núna er það fraktflugið sem er að hjálpa okkur í gegnum skaflinn. Við vorum að horfa á um 70% tekjufall milli mánaða, en með aukningu í fraktinni er tekjufallið 40–50%. Það munar um minna. Þar að auki kemur það sér vel að eiga eldri vélar. Í farþega vélum er flotinn okkar um 16–22 ára gamall og farinn að nálgast vitjunartíma sinn,“ segir Baldvin, en þrjár af þessum átta vélum eru á leið í niðurrif. Þá muni miklu um

að vera ekki með nýrri vélar á rándýrri leigu:

„Félagið er lítið skuldettt og það kemur sér vel að notast við eldri vélar sem eru að mestu greiddar upp. Reksturinn hefur gengið vel undanfarin ár og við náðum blessunarlega að fjárfesta í fraktvélum, því þær eru lífæðin okkar í dag. Ég vildi geta sagt að sú fjárfesting hafi verið gerð af forsjálmi varðandi COVID-19, en þetta æxlaðist nú bara svona.“

Við erum sem betur fer ekki með stóran erlendan leigusala á bakinu, því það er það sem verður mörgum félögum að falli í erfiðu árferði. Við náðum að fella niður leiguna eins mikið og hægt var, en auðvitað sjáum við fram á taprekstur út árið. En við ætlum okkur að koma út úr þessu ástandi sterkari en við fórum inn í það,“ segir Baldvin ákveðinn. ■



Útfararstofa Íslands

Flestir þurfa einhvern tímann að horfast í augu við dauðann. Að missa ástvin eða ættingja er eitt það erfiðasta sem við göngum í gegnum. Tilfinningar eru margvíslegar. Sorgin er eðlileg viðbrögð. Óhjákvæmilega þarf þá að huga að þeim þáttum er snúa að útför þess látna.

Spurningarnar eru margar. Þá er gott að geta leitað til aðila sem hafa þekkingu og reynslu á þeim þáttum. Við hjá Útfararstofu Íslands búum yfir þessari reynslu og höfum starfað við útfararþjónustu um árabil.



Kristín
Ingólfssdóttir

Sverrir
Einarsson

Margrét Ásta
Guðjónsdóttir

Skrifstofa Útfararstofu Íslands er til húsa í Auðbrekku 1, 200 Kópavogi.

Þar er einnig góð aðstaða sem prestar og aðstandendur geta rætt saman í næði.

Skrifstofan er opin frá 8.00 til 17.00 virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar.

Sími: 581-3300 og 896-8242

www.utforin.is

VARNARMÁLIN GETA HÆGLEGA SPRENGT RÍKISSTJÓRNINA

Færi svo að ríkisstjórnin spryngi vegna varnarmála má velta því upp hvort þeir flokkar sem skýrasta afstöðu hafa í varnarmálum myndi með sér nýja ríkisstjórn.

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón Bragason
eyjan@eyjan.is



Ekkert mál vakti jafnharðar deilur í þjóðfélaginu á árunum eftir síðari heimsstyrjöld og afstaðan til varnarsamvinnu vestrænna ríkja og veru varnarliðsins hér á landi. Öll stjórnsmál voru áratugum saman gegnsýrð af átökum kalda stríðsins.

Sósíalistaflokkurinn og arftaki hans, Alþýðubandalagið, gerðu brottför varnarliðsins að skilyrði stjórnarþátttöku allt fram til ársins 1978. Síðan þá snerist andstaða þeirra einkum um að amast við mannvirkjum sem nýst gætu við varnir landsins.

Alþjóðaflugvöllur í Aðaldal
Í tíð vinstri stjórnar Steingríms Hermannssonar á árunum 1988 og 1989 risu deilur milli stjórnarflokkanna um byggingu alþjóðlegs vara-



Kurr er í Sjálfstæðismönnum jafnt sem Framsóknarmönnum í garð Vinstri grænna vegna ýmissa mála. Varnarmálin kunna að vera kornið sem fyllir mælinn.

MYND/ERNIR EYJÓLFSSON

GRAFÍSK HÖNNUN



**Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar ofl.**

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

ÞJÓÐVILJINN



Ekkert varð af aðkomu mannvirkjasjóðs NATO að bygging varafflugvallar hér á landi. Kunnugir segja að gríðarleg tækifæri hafi þar farið forgörðum.

MYND/TÍMARIT.IS

flugvallar í Aðaldal, nærri Húsavík. Til stóð að völlum yrði fjármagnaður af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandsins og áætlað var að framkvæmdir myndu kosta ellefu milljarða króna. Það jafngildir nálega 63 milljörðum á núverandi ef tekið er mið af byggingarvísitölu.

Flugvöllurinn varð að þrætuþli stjórnarflokkanna vegna ólíkrar afstöðu þeirra til veru Íslands í NATO og dvalar varnarliðsins hér á landi. Þáverandi utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson, aflaði sér skriflegar yfirlýs-

ingar Manfreds Wörner, aðalframkvæmdastjóra NATO, um að ekki yrði litið á flugvöllinn sem hernaðarmannvirki nema á stríðstímum. Sama afstaða kom fram í viðræðum Jóns Baldvins og James Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í febrúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon samgönguráðherra sagði aftur á móti afdráttarlaust að um hernaðarmannvirki væri að ræða og að ekki yrði úr framkvæmdum. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins, vísaði í fréttum á þeim tíma til ákvæða í stjórnarsáttmálanum þess efn-

is að „engin meiri háttar hernaðarmannvirki“ yrðu reist hér á landi í tíð stjórnarinnar.

Völlurinn hefði þó umfram allt nýst sem borgaralegt mannvirki og orðið mikilvægur varaflugvöllur og þar með aukið notagildi Keflavíkurflugvallar, en rannsóknir höfðu leitt í ljós að hvergi á landinu væru veðurskilyrði jafn ólík Keflavíkurflugvelli og nærri Húsavík. Sömuleiðis hefðu skapast möguleikar á fiskútflutningi með flugi frá Norðurlandi. Allt kom þó fyrir ekki og þegar ný ríkisstjórn tók við völdum 1991 höfðu orðið slík veðrabrigði í alþjóðastjórnsmálum að stórfamkvæmdir sem þessar voru ekki lengur til umræðu.

„Hernaðaruppbygging“

Sjá má ýmis líkindi með fyrirhugaðri lagningu alþjóðlegs varaflugvallar þá og ráðagerðum um stórskiphöfn í Helgúvík nú. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra talar enga tæpitungu þegar kemur að þeim málum og segir varnarsamninginn við Bandaríkin annað og meira en viljayfirlýsingu. Hann sé beinlínis skuldbinding af Íslands hálfu um tiltekin mannvirki sem gagnist við varnir landsins. Aðilar frá Atlantshafsbandalaginu hafa kannað aðstæður við höfnina í Helgúvík á Suðurnesjum með það í huga að þar verði hægt að taka á móti skipum úr flota NATO-ríkja. Þar eru taldar einstakar aðstæður fyrir skipalægi í næsta námunda við alþjóðaflugvöll. Áætlað er að framkvæmdir í Helgúvík muni kosta 12–18 milljarða króna og yrðu að langmestu leyti greiddar af mannvirkjasjóði NATO.

Heimildir herma að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hafi lagst öndverð gegn málinu þegar það kom til tals á fundi ráðherra. Katrín sagði í Morgunblaðinu 15. maí að sér fyndist „óviðeigandi“ að fyrirhuguðum framkvæmdum væri „blandað inn í efnahagsaðgerðir stjórnvalda“ þar sem þetta sneri að hennar mati að „hernaðaruppbyggingu“.

Einn heimildarmaður í Sjálfstæðisflokknum sagði að þetta mál yrði ekkert skilið frá umræðunni um efnahagsmálin eins og staðan væri í þjóðfélaginu – sér í lagi í ljósi bágs ástands á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi mælist 28%.

Katrín sagði enn fremur í viðtalinu við Morgunblaðið: „Við erum fullvalda ríki og þurfum ekki á hjálp þaðan að halda í efnahagsmálum.“ Þegar hún segir „þaðan“ á hún væntanlega við Atlantshafsbandalagið. Hér er þó ekki um ölmusu að ræða þar sem Íslendingar leggja sjálfir fé til mannvirkjasjóðsins og eiga rétt á greiðslum þaðan.

Nú þegar eru í gangi framkvæmdir á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem gert er ráð fyrir að muni kosta 13–14 milljarða króna. Þetta eru mestu framkvæmdir við varnarmannvirki hér síðan




Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur lagt á það höfuðáherslu að Íslendingar standi við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum. Það felur í sér viðhald varnarmannvirkja og byggingu nýrra sem einnig er hægt að hafa borgaraleg not af.


MYND/EYÞÓR ARNASON

Fylgi flokkanna

Skoðanakönnun MMR á fylgi flokkanna, gerð dagana 19.–25. maí. Svarfjöldi 944. Hér eru aðeins þeir flokkar teknir með sem næðu manni inn á þing.



Mögulegur stjórnarmeirihluti og stjórnarandstaða



2002. Um er að ræða viðhald flugbrauta, byggingu flugskýla, endurnýjun loftvarnakerfisins, uppfærslur á ratsjárstöðvum og ýmislegt fleira. Guðlaugur Þór hefur ekki dregið neina fjöður yfir það að framkvæmdirnar skapi hundruð starfa.

Áleitnar spurningar vakna

Birgir Þórarinnsson, þingmaður Miðflokksins, var málshefjandi við sérstaka umræðu um málið á Alþingi á mánudaginn var. Þar sagði hann að það að VG hefði lagst gegn fyrirætlunum utanríkisráðherra í varnarmálum vekti „áleitnar spurningar um að ríkisstjórnin hafi horfið frá þjóðaröryggisstefnu“.

VG sækir lítt fylgi til Suðurnesja og þingmaður þeirra í kjördæminu, Ari Trausti Guðmundsson, sagði í umræðunni að stækkun Helgúvíkurhafnar væri „hernaðarmannvirki“. Annar þingmaður VG, Rósa

Björk Brynjólfsdóttir, varaformaður utanríkismálanefndar, talaði um „stórkarlegar hernaðarframkvæmdir“ í þessu sambandi. Hugtökin úr umræðu kaldastríðsáranna hafa hafið innreið sína á nýjan leik.

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, orðaði það svo í vikulegum pistli sínum í Fréttablaðinu í liðinni viku að um væri að ræða pólitísk vatnaskil. Vindri grænir hefðu öðlast neitunarvald gagnvart Sjálfstæðisflokknum í varnarmálum: „Standi þessir málavextir óbreyttir geta aðrar þjóðir með réttu litið svo á að VG hafi einnig neitunarvald, ef til þess kæmi að virkja þyrfti ákvæði varnarsamningsins vegna yfirvofandi ógnar. Það myndi setja strik í reikninginn um stöðu Íslands. Óhjákvæmilega vaknar einnig sú spurning hvaða pólitíska umboð utanríkisráðherra hefur eftir þetta

í samtölum við Bandaríkin og aðrar bandalagsþjóðir um áframhaldandi þróun varnarsamstarfsins.“

Á sama tíma liggur fyrir frumvarp á Alþingi frá þingmönnum VG þess efnis að flytja vald um varnarliðsframkvæmdir frá utanríkisráðherra. Að mati Þorsteins lýsir þetta „fádæmalausri ögrun í stjórnarsamstarfi, en virðist þegar hafa haft veruleg óbein áhrif“. Og Þorsteinn skrifar enn fremur:

„Þó að Sjálfstæðisflokkurinn eigi vísan stuðning meirihluta Alþingis í þessu máli kys hann að láta VG ráða för. Það er mikil ábyrgð þegar teft er um mál, sem snerta öryggi landsins. Til þessa hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki litið á varnarmálin sem skiptimynt.“

Endurómur gamla deilna

Öllum heimildarmönnum í Sjálfstæðisflokknum ber saman um að VG fái ekki að ráða för

í þessum málaflokki og vilja spyrna við fótum. Sjálfur kveðst utanríkisráðherra ætla áfram að ræða frekari framkvæmdir um endurbætur til að „ tryggja öryggi og uppfylla skuldbindingar Íslands“, eins og hann orðar það. Næsta víst er að þingmenn Vindri grænna líta á það sem hreina ögrun. Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins orðaði þetta svo: „Þetta er ekki búíð, þetta er rétt að byrja.“ Annar Sjálfstæðisþingmaður sagði að Vindri grænir yrðu „láttnir éta þetta í einum bita“ og átti þar við ákvörðun um framkvæmdir í Helgúvík.

Hér mætast stálin stinn og umræðan er sem endurómur af átökum fyrri áratuga. Deilurnar um varnir landsins er meginástæða þess að sósíalistar og Sjálfstæðismenn störfuðu ekki saman í ríkisstjórn í heil 70 ár, frá árinu 1947 til 2017.

Hvaða kostir eru í stöðunni?

Færi svo að stjórnin spryngi má velta því upp hvort þeir flokkar sem skýrasta afstöðu hafa í varnarmálum myndi með sér nýja stjórn. Það eru Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Miðflokkur og Viðreisn. Samtals 37 þingmanna meirihluti. Einn af lærdómum bankahransins er sá að efna ekki til kosninga á viðsjárverðum tímum í efnahagslífinu og einn viðmælanda sem stendur nærri Miðflokknum velti upp þeim möguleika að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sætu áfram í minnihlutastjórn sem nyti stuðnings Miðflokks og Viðreisnar sem þá fengju formennsku í veigamiklum nefndum og forseta þingsins. Annar viðmælandi sem vel þekkir til velti því upp hvort ekki væri rétt að efna til kosninga næsta vor og ný ríkisstjórn sæti því aðeins í hér um bil tíu mánuði.

Á samtölum við þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er auðheyrð að samstarfið við Vindri græn reynir á þórlifin. Heimildarmenn úr Miðflokknum telja sig vel geta unnið með flestum flokkum, nema þá helst Samfylkingu og Pírötum. Vart þarf þó að nefna að samstarf þeirra við flokksbrot Ingu Sæland kæmi ekki til greina (þeir geta ekki einu sinni nefnt nafn hennar í samtölum). Ágætt talsamband er á milli Miðflokksmanna og Viðreisnarfólks og þá eru einstaka þingmenn Miðflokksins í sambandi við forystumenn Framsóknarflokks. Samstarf milli þessara tveggja síðastnefndu flokka er ekki eins fjarlægur möguleiki og ætla mætti eftir klofning Framsóknarflokks og Klaustursmál. Þegar öllu er á botninn hvolft er núverandi stjórnarmynstur ekki eini valkosturinn í stöðunni og svo getur raunverulega farið að ríkisstjórnarsamstarfið strandi í Helgúvíkurhöfn. ■

Íslensku drauga-húsin

Trúin á yfirnáttúruleg fyrirbæri á sér djúpar rætur í íslenskri þjóðarsál og í gegnum árin hafa ákveðnir staðir og hóbýli hér á landi ítrekað verið bendluð við draugagang.

Auður Ösp
Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Trúin á yfirnáttúruleg fyrirbæri á sér djúpar rætur í íslenskri þjóðarsál. Það eru kannski ekki allir sem trúa á drauga í bókstaflegum skilningi en það kemur ekki í veg fyrir

að óhugnanlegur sögur af íslenskum vofum hafi borist á milli kynslóða. Má þar nefna húsvörðinn sem sagður er ganga aftur í húsnæði gamla Kennaraháskólans og flöskudrauginn á Ströndum sem sagður er ráfa um með fullan strigapoka af brennivínsflöskum. DV tók saman nokkur af þekktustu „draugahúsum“ Íslands. ■



MYND/GVA

MOKKA KAFFI

Mokka kaffi á Skólavörðustíg er með elstu kaffihúsum hér á landi en það var opnað seint á sjötta áratugnum. Árið 2013 skrifaði Anna Kristín Ólafsdóttir meistarafréttir um hagnýtri menningarmiðlun sem ber heitið Reimleikar í Reykjavík: Draugasögur úr miðbænum. Þar kemur meðal annars fram að margir hafi fundið fyrir óvenjulegri nærveru á staðnum og starfsmenn hafi oft fengið á tilfinninguna að þar séu fleiri gestir á ferð en þeir sem sjást með berum augum.

„Ónefnd stelpa, sem vann á kaffihúsinu fyrir nokkrum árum síðan, sagði mér að hún hefði helst ekki viljað vera ein í húsinu þegar kom að því að loka á kvöldin. Hún hræddist það. Alltaf hafði hún á tilfinningunni að hún væri ekki einsömul, þrátt fyrir

að aðrir starfsmenn væru farnir heim. Það voru því ófá kvöldin sem hún bað vinkonur eða kærasta að veita sér félagsskap á meðan hún lokaði. Fleiri starfsstúlkur hafa verið gripnar svipaðri tilfinningu í húsinu þrátt fyrir að þær hafi ekki allar óttast það sem þær upplifðu.“

Önnur fyrrverandi starfsstúlka lýsir því að hlutir hafi átt það til að hverfa og „birtast aftur, eins og einhver hefði fengið þá lánaða“. Þá segist hún alltaf hafa fundið fyrir sterkri nærveru í húsinu.

„Það skipti heldur ekki máli hvort það var fullt af fólki inni í húsinu eða hvort það var bara tóm, mér fannst alltaf eins og einhver væri að koma upp tröppurnar.“

HVÍTÁRNESSKÁLI

Sæluhúsið í Hvítárnesi er án efa alræmdasta draugahús Íslands. Reglulega heyrast þaðan óhugnanlegur sögur af draugagangi og hafa í raun gert allt frá því húsið var byggt árið 1930.

Í sjónvarpsþættinum Fjallaskálar Íslands, sem sýndur var síðastliðinn vetur, kom fram að oft og tíðum hafi draugagangurinn í húsinu verið svo yfiringilegur að fólk hafi flúið þaðan unnvörpum, jafnt kvölds og morgna og um miðjar nætur, margt með þá tilfinningu innanbrjósts að verið sé að kyrkja það.

Meirihlutinn af þessum sögum snýst um sama drauginn, unga gráklædda stúlku sem sögð er sækja á karlmenn sem gista í ákveðinni koju í skálanum. „Draugakojan“ fræga snýr þvert, ólíkt öðrum kojum í skálanum, og er staðsett við dyrnar. Fornar bæjartóftir eru á bak við skálann en ekkert er vitað hverjir voru ábúendur á staðnum. Sagan segir að gráklædda stúlkan hafi eitt sinn verið heimiliskona á bænum, sem ýmist á að hafa verið myrt af ástmanni sínum eða orðið úti.



MYND/ÞSEND



MYND/PJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

SÆLUHÚSIÐ VIÐ JÖKULSÁ Á FJÖLLUM

Á heimasíðu Nordic Adventure Travel segir frá sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum.

„Allt fram til ársins 1947, þegar Jökulsá á Fjöllum var brúuð á Mývatnsöræfum, var lögferja frá Grímsstöðum aðeins norðar en brúin var reist. Þar var hlaðið sæluhús úr steinlímdu grjóti árið 1881. Í kjallaranum var hesthús og svefnloft fyrir ofan, þar sem var einnig eldstæði. Óhætt er að fullyrða að fæst sæluhúsa á landinu á þessum tíma hafi verið eins vel búin. Hvað sem því líður varð ekki öllum svefnstæðum þar. Húsið varð alræmt vegna draugagangs. Gestir þess heyrðu högg og hávaða, þeim fannst þreifast á sér og hundar létu illa. Stundum virtist einhver vera að rífa þakið af húsinu. Þeir sem vissu lengra en nef þeirra náði þóttust kenna ógurlega ófreskju. Einn þeirra, Jóhannes Jónsson (Drauma-Jói), lýsti henni sem kafloðnum og ægilegum veturgömlum kálfi. Þetta hús stendur enn þá og bíður eftir gestum!“



MYND/ABSEND


FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Í gegnum tíðina hafa heyrst margar sögur af draugagangi í húsnæði Framhaldsskólans á Laugum. Dæmi eru um að nemendur hafi ekki getað gíst í ákveðnum herbergjum á heimavistinni sökum reimleika og samkvæmt heimildum blaðamanns hafa landspekkir miðlar neitað að stíga fæti inn í húsið.

AUSTURSTRÆTI 8

Í gegnum árin hafa margar sögur komið fram um draugagang í Austurstræti 8 í miðborg Reykjavíkur, þar sem fataverslunin Gyllti kötturinn er nú til húsa. Í meistarafræðingur Önnu Kristínar Ólafsdóttur, Reimleikar í Reykjavík: Draugasögur úr miðbænum, kemur fram að eigendur Gyllta kattarins hafi séð dularfulla stúlku birtast í stíga verslunarinnar og virðist hún nokkuð hrekkjótt. Stúlkan er sögð vera ung, líklega tíu ára gömul, með svart sítt hár og suðrænt yfirbragð og klædd gamaldags fatnaði.

„Stuttu eftir að ég leigði fyrir rúmum þremur árum þá fór ég að vera svolítið mikið ein hérna á kvöldin, þá fór ég að finna fyrir nærveru hennar og svo svona einstaka sinnum sem að ég hleypi því að þannig að ég sé henni bregða fyrir,“ sagði Hafðís Þorleifsdóttir, annar eigenda verslunarinnar, í viðtali við Margréti Sigvaldadóttur þjóðfræðing árið 2009.



MYND/PJETUR



MYND/TÍMARIT.IS

HVANNEYRI

Í apríl 2014 greindi héraðsblaðið Skessuhorn frá því að draugagangur hefði ítrekað raskað næturro íbúa á nýjum nemendagörðum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Það vakti sérstaka athygli að um ný hús var að ræða en flestir tengja reimleika fremur við gamlar byggingar. Kenningar voru uppi um að um væri að ræða fylgjur sem tengdust fólkinu sem þarna væri fremur en húsunum sjálfum.

Björg Harðardóttir, sem sat í stjórn nemendagörða Landbúnaðarháskólans, sagði að fyrst hefði verið talið að eitthvað væri að rafmagninu í húsunum enda hefðu ljósaperur enst afar illa. Maður var í kjölfarið fenginn til að mæla rafsegulsviðið.

„Það kom hins vegar í ljós að húsið virtist vera í fullkomnu lagi en hins vegar vildi hann meina að einhverjir fleiri hefðu flutt hingað inn með okkur.“



MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR

HÖFÐI

Í gegnum tíðina hafa ýmsar sögur farið af draugagangi í Höfða og segja margir að þar sé eitthvað dularfullt á sveimi. Reimleikarnir hafa oft verið tengdir við einn af fyrrum íbúum hússins, Einar Benediktsson skáld. Sögur af draugagangi í húsinu urðu sífellt fleiri upp úr 1950 og varð það meðal annars til þess að þáverandi sendiherra Breta sá sig tilneyddan til að flytja þaðan út.

Höfðadraugurinn svokallaði varð síðan frægur á níunda áratugnum þegar leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjovs fór fram í húsinu.

SUÐURGATA

Í júní árið 2000 greindi DV frá því að draugagangur væri nokkuð algengur í nágrenni við gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu og vilja sumir meina að það sé í raun ekki hægt að búa í hverfinu vegna reimleika. Til dæmis má nefna að fólk hefur heyrt óútskýranlegan umgang í gömlu slökkvistöðinni við Tjarnargötu og í húsunum við Tjarnargötu og Hólatorg. Eigendaskipti eru tíð í sumum húsum í hverfinu, til dæmis á Ásvallagötu.

Í febrúar árið 1953 áttu sér stað hörmulegir atburðir í húsinu að Suðurgötu 2 í Reykjavík. Húsbóndinn á heimilinu, sem var 35 ára gamall lyfjafræðingur, eitraði fyrir konu sinni, sjálfum sér og þremur börnum sem voru á aldrinum þriggja til sex ára. Á náttborði húsbóndans fannst glas merkt Eitur og bréf frá honum. Í bréfinu stóð að hann væri dauðvona vegna veikinda og að hann gæti ekki hugsað sér að skilja konuna og börnin eftir. Dillonshús var á sínum tíma flutt upp á Árbæjarsafn og hafa starfsmenn safnsins oft orðið varir við umgang og óróleika í því.



MYND/TÍMARIT.IS

VOGASTAPI

Vogastapi er sunnan Voga á Reykjanesskaga. Svæðið er ekki aðeins annálað fyrir fallett útsýni og mikið fuglalíf heldur einnig fyrir reimleika. Í gegnum tíðina hafa heyrst ófáar sögur af dularfullum manni við vegbrúnina á akveginum við Stapa sem húkkar sér far. Sumir segja hann halda á mannshöfði.

Samkvæmt lýsingum fólks sest hann upp í bíl hjá þeim sem bjóða honum far en svarar engu þegar á hann er yrt. Eftir skamma stund er hann síðan horfinn.

Í bók Árna Björnssonar, Íslenskt vættatal, kemur fram að Stapadraugurinn hafi hrellt ferðamenn en látið minna á sér kræla eftir að nýja Reykjanessbrautin var lögð.

„Í fluggunni fram og til baka liðið allt trylltist ...“

Upp úr 1970 byrjuðu Íslendingar að flykkjast í sólarlandaferðir, með lambalæri og Orabaunir í ferðatöskunni. Fram að því voru utanlandsferðir sjaldgæfur munaður.

TÍMAVÉLIN

Á miðjum áttunda áratugnum glumdi í viðtækjum landsmanna „Á Spáni er gott að djamma og djúsa diskótekunum á“, í flutningi Ladda og Brunaliðsins. Allt undir lok sjöunda áratugarins voru fáir Íslendingar sem gátu leyft sér að „bregða sér út fyrir pollinn“ eins og sagt var, nema þá helst þeir sem voru með fín ættarnöfn. Krítarkort voru heldur ekki enn komin til sögunnar og gjalddeyriskömmun gerði ferðalöngum erfitt fyrir.

Í apríl 1953 bauð Ferðaskrifstofa ríkisins upp á fyrstu pakkaferðina frá Íslandi til Spánar, hálfsmánaðar ferð sem aðeins efnað fólk gat leyft sér. Fimm árum síðar stóð Guðni Þórðarson, betur þekktur sem Guðni í Sunnu, fyrir hópferð til Mallorca sem að mati margra markaði upphaf beinna ferða Íslendinga til Mallorca og sólarlanda yfirleitt. Á næstu árum voru tveir kóngar á íslenskum ferðamarkaði: Guðni í Sunnu og Ingólfur Guðbrandsson í Útsýn.

Áfengið flæddi

Í grein Pressunnar árið 1991 er fjallað um fyrstu sólarlandaferðir Íslendinga til Costa Del Sol, Mallorca og Kanaríeyja í byrjun áttunda áratugarins. Guðni Þórðarson í Sunnu minntist þess að á árunum 1970–1978 nægðu opinber mánaðarlaun sóknarkonu fyrir þriggja vikna Mallorca-ferð. Hann rifjaði upp í samtali við Pressuna að á fyrstu árunum var drukkið óhóflega í ferðunum.

„Ferðafólkið var kannski að telja saman sjússana og reikna út hvenær það væri búið að drekka nægilega mikið til að ferðin frá Íslandi borgaði sig. Íslendingar voru þá í glöðum hópi frænda vorra á Norðurlöndum sem höfðu svipaðan hátt á.“

Steinn Lárusson starfaði sem fararstjóri á Spáni á þessum árum. Í sjónvarpsþættinum Veröld sem var árið 2018 rifjar hann upp stemninguna sem ríkti í þess-



Íslendingarnir tóku margir með sér íslenskan mat til Spánar.

um fyrstu Spánarferðum. Á þessum tíma ríkti enn bann við sölu á bjór á Íslandi.

„Þessar ferðir eru náttúrulega mjög sérstakar í byrjun. Fólk var ekkert vant þessu. Menn komu rjúkandi inn á bar í Keflavík og þar byrjuðu menn að fá sér að drekka.“

Þuríður Sigurðardóttir starfaði sem flugfreyja hjá Loftleiðum á þessum tíma og rifjar upp að fólk hafi yfirleitt mætt mjög snemma á flugvöllinn. Íslendingarnir þömbuðu stíft í flughöfninni og um borð í vélinni.

„Þetta var almennt fyllerí, svona oftast nær. Margir vildu ekki sitja á reykingasvæðinu, en reyktu samt

þannig að þeir fóru aftur í til að reykja og sósalisera og spjalla við vini og kunningja,“ rifjar Þuríður upp og bætir við að í eitt skipti hafi þurft að panta fimm hjólastóla við lendingu vegna þess að farþegar um borð voru orðnir svo drukknir að þeir gátu ekki staðið í fæturna.

Steinn rifjar einnig upp að á þessum upphafsárum sólarlandaferðanna hafi Íslendingar yfirleitt tekið með sér óhemju mikið af mat að heiman. Í íbúðablokkunum þar sem fólk dvaldi var hægt að finna hangikjötslykt koma úr einni íbúð og saltfiskslykt úr þeirri næstu.

„Og síðan var fólk með

ýmislegt annað, slátur og lifrarpylsu og mikið af skyri af því að börnin voru von því að fá skyr á morgnana.“

„Í fluggunni fram og til baka liðið allt trylltist. Dó inni á klói og blindfullt í stjórnklefann villtist,“ söng Bjartmar Guðlaugsson í laginu Sólarlanda á sínum tíma.

Á barnum fram eftir nóttu

„Þótt gildi þessara ferða sé umdeilt og stundum virðist all harkalega deilt á þá gjalddeyrisnotkun, sem í ferðunum felst, hafa þó Alþýðusamtökin í landinu viðurkennt almennt gildi þeirra, með því að setja á stofn sérstaka ferðaskrifstofu til þess að greiða fyrir því að félagsmenn geti átt kost á þessum ferðum við sanngjörnu og viðráðanlegu verði,“ ritar Kjartan Jónsson í Alþýðublaðið árið 1976.

„Hin tiltölulega almenna þátttaka í suðurlandaferðum sannar að fólk á Íslandi metur það mikils að geta hvílt sig um sinn á hinni rýsjóttu veðráttu hérlendis. Sannleikurinn mun reyndar vera sá, að slík afþreying mun veita mörgum styrk og þrótt.“

Í grein Tímans árið 1991 rifjar ónefndur ferðalangur upp stemninguna sem ríkti í fyrstu sólarlandaferðunum.

„Mjólkurhvítir Íslendingar á gulri strönd og heima hoppa

reikningarnir léttilega inn um dyralúguna. Sólbruni gerir vart við sig fyrsta kvöldið og magapína fylgir framandi réttunum en öllu er skolað léttilega niður með hanastéli áður en haldið er á dansleikinn.

Smám saman fá allir á sig gulbrúnan sólarlit eins og í auglýsingabæklingunum heima og allir skrifa póstkort heim þar sem stendur: Hér er sól og hiti, ofsalegt fjör og bjórinn er ennþá betri en heima. „Ég hló svo mikið að ég meig í mig,“ hneggjar stórvaxinn kvenmaður um leið og herbergisdyrnar opnast af syfjulegum karli og vinkona hennar flissar ofan í glasið sem hún fékk á barnum niðri. Þar sitja Íslendingarnir fram á rauða nótt, séu þeir ekki á nærliggjandi diskótekum. Tveir luralegir karlmenn kallast á yfir bakið á pervisinni konu sem grætur innilega ofan í kokkteilglas,“ skrifar ferðalangurinn og minnst þess að í flugvélinni á leiðinni heim hafi síðan allir pantað sér bjór og Moggann.

Og þegar líða tekur á flugið syngja tveir sjómenn Kátir voru karlar. Það er lent á Keflavíkurflugvelli í rigningu og heima bíða reikningar og grámóskulegir vinnustaðir. ■

Hitinn og ódýrt áfengi heilluðu náhvíta Íslendinga í upphafi áttunda áratugarins.

MYNDIR/TÍMARIT.IS



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.


BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnað að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða akstursegginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.

Íðnaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Konan sem hvarf á aðfangadag

Það leit út fyrir huggulegt aðfangadagskvöld hjá hinum ungu og glæsilegu hjónum Scott og Laci Peterson. En þetta reyndist vera síðasti dagurinn sem Laci lifði.

SAKAMÁL

Scott og Laci Peterson voru glæsileg ung hjón. Þau giftust árið 1997, þegar Scott var 25 ára og Laci 22 ára. Lífið virtist brosa við þeim þegar Laci hvarf, 24. desember árið 2002, en síðast var vitað af henni úti að ganga með hund hjónanna. Þó er óvíst að sú gönguferð hafi nokkurn tíma verið farin.

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Þau bjuggu í Modesto í Kaliforníu, rúmlega 200.000 manna borg, sem er umlukin ræktarlandi og akuryrkjubúum. Scott var sölumaður hjá áburðarsölu-fyrirtæki og Laci var kennari. Ungu hjónin virtust afar hamingjusöm og framtíðin brosti við þeim. Ekki minnkandi hamingjan árið 2002 er Laci komst að því að hún var ófrísk að sínu fyrsta barni. Það barn átti þó aldrei eftir að koma í heiminn.

Á aðfangadag árið 2002 fór Laci út að ganga með hundinn sinn í almenningsgarði skammt frá heimili hjónanna. Scott var þá í veiðitúr. Hann hafði raunar fyrst ætlað í golf en hætt við og reri út á álbát sem hann átti frá smábátahöfninni í Berkely.

Þegar Scott kom til baka úr veiðitúrnum var Laci ekki heima en hundur hjónanna, af tegundinni Golden Retriever, var í garðinum. Nágranni hjónanna hafði séð hundinn einan í almenningsgarði í nágrenninu, þar sem Laci var von að ganga með hann, og skilað dýrinu heim í garðinn fyrir utan hús hjónanna.

Hjónin áttu ekki farsíma en Scott spurðist fyrir um Laci hjá vinum og nágrönnum. Þegar nálgadist kvöld og Laci hafði ekki skilað sér heim hringdi hann í móður og stjúpföður Laci og sagði þeim að hann hefði ekki séð Laci síðan um morguninn en hundurinn hefði verið einn í garðinum þegar hann kom heim.

Stjúpfaðir Laci hringdi í neyðarlínuna og tilkynnti um hvarf hennar. Umfangsmikil leit hófst að hinni horfnu móður, sem var komin átta mánuði á leið, og tóku um 900 manns þátt í leitinni fyrstu tvo dagana. Verðlaunafé var heitið fyrir upplýsingar sem



Lífið brosti við ungu hjónunum Scott og Laci.

SKJÁSKOT/A&E

gætu leitt til þess að Laci myndist.

Scott fór fremstur í flokki í leitinni að Laci, tjáði sig við fjölmiðla og skipulagði vöku þar sem fjöldi fólks kom saman. Hann grátbað hvern þann sem hefði upplýsingar um Laci að gefa sig fram.

Hjákonan stigur fram

Ein af þeim mörgu sem horfðu á fréttauðsendingar í sjónvarpi þar sem fjallað var um hvarf Laci var Amber Frey, ung og glæsileg kona frá borginni Fresno, sem er ekki ýkja langt frá Modesto. Hún varð mjög undrandi er hún sá elskhuga sínum bregða fyrir á sjónvarpsskjánum og að sá hinn sami væri í ör-væntingu að leita eiginkonu sinnar. Amber vissi nefnilega ekki betur en þessi huggulegi maður á sjónvarpsskjánum væri ekkjumaður.

Þau höfðu kynnst á sölu-ráðstefnu tveimur árum fyrr og felld hugi saman. Nú benti flest til þess að elskhugi hennar væri í raun að verða ekkjumaður en hann hafði svo sannarlega ekki verið það þegar þau kynntust. Hún taldi hann vera framtíðar-eiginmann sinn. Amber hafði samband við lögreglu sem áður var full grumsemda í garð Scotts. Hann hafði ekki virkað sannfærandi í yfir-heyrslum þó að hann væri yfirvegaður og ekki tauga-óstyrkur. Til dæmis gat hann ekki sagt hvaða fisktegund hann hefði ætlað að veiða í

veiðiferðinni heldur svaraði „bara fisk“. Enn fremur hafði hann ekki komið með neinn afla að landi. Þá þótti sérkennilegt að Scott hafði sagt einhverjum vinum sínum að hann hefði verið í golfi eftir hina meintu veiðiferð. Einhverjar fleiri mótsagnir og hnókrar voru í framburði Scotts en þá var ekki síst tor-tryggilegt að hann neitaði að gangast undir lygamælispróf hjá lögreglunni.

Lögreglan hélt grunsemdum sínum í garð Scotts leyndum og gaf út á við yfirlýsingar um að verið væri að kortleggja kynferðisbrota-menn og aðra ofbeldismenn á svæðinu. Hvorkir vinir né ættingjar hjónanna höfðu lengi vel hugmynd um að Scott lægi undir grun.

Straumhvörf í málinu

Þann 13. apríl árið 2003, tæplega fimm mánuðum eftir hvarf Laci, fann þar í göngu-ferð lík af fóstri við strendur San Francisco-flóans. Lögreglulið sem kom á vettvang fann illa farið lík konu þar skammt frá. Á líkið vantaði höfuðið og útlími.

DNA-rannsókn leiddi í ljós að líkið var af Laci Peterson. Frekari rannsóknir sýndu fram á að fóstrið hafði fallið úr hinum rotnaða líkama en ekki var hægt að kveða upp úr um hvort fóstrið hefði komið lifandi eða dáði út úr líkamanum.

Nokkrum dögum eftir hinn hræðilega líkfund var



Ekki var allt sem sýndist í hjónabandi Scott og Laci. Grunur féll fljótt á Scott Peterson en lögregla hélt því leyndu.

MYNDIR/
SKJÁSKOT



Scott Peterson handtekinn og ákærður fyrir morð. Lögreglan vann út frá þeirri kenningu að hann hefði kyrkt Laci, flutt hana í bíl sínum að smábátahöfninni í Berkely, róði með líkið út á flóann og varpað því útbyrðis.

Ekki var mikið um bein sönnunargögn til að styðja þessa kenningu en þó fannst hár af Laci í farangursrými bílsins.

Þá leiddi rannsókn á heimili hjónanna í ljós að gólf í íbúðinni virtust hafa verið þrífir

og sóttþreinsuð rétt eftir að húshjálpið sem kom reglulega á heimilið hafði þrifið húsið.

Síðla árs 2004 var Scott fundinn sekur um eitt morð af fyrstu gráðu og eitt annarrar gráðu morð (fóstrið). Hann fékk dauðadóm.

Scott bíður enn aftöku á dauðadeildinni, 16 árum eftir dóminn. Hann stendur fast við sakleysi sitt og segir að lögregla hafi brugðist Laci með því að leita ekki að raunverulegum morðingja hennar. ■

ALLT FYRIR HLAUPARANN

Ef þú pantar á faeturtoqa.is fyrir klukkan 14.00 færðu vörunar sendar frítt heim samdægurs.

Sokkapar frítt með öllum skóm út maí



HYPERICE
Hypervolt
Nuddbyssur



➔ **BROOKS** Ghost Gtx
Vatnsheldir



➔ **BROOKS**
Íþróttafatnaður
íþróttatoppar



Features!
Hlaupasokkar
Þrýstisokkar



➔ **BROOKS** Cascadia Gtx
Vatnsheldir



YOURBOOTS
Þrýstistígvél

RYDERS
EYEWEAR
Sportgleraugu



➔ **BROOKS** Glycerin

FUSION
Hlaupa og
útvistarfatnaður



COMPRESSPORT
Hlaupafatnaður
Hlaupabúnaður



➔ **BROOKS** Trancend



OOFOS
feel the OO
Heilsusandalar



Brooks eru
margverðlaunaðir
hlaupaskór ár eftir ár



FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

20%
AFSLÁTTUR
ÚT APRIL

Bæjarlind 4

Kringlan 3. hæð

Sími: 5577100

faeturtoqa.is

uthald.is

Maður á að vera alveg ótrúlega sætur og sexí

Íslenskar flugfreyjur þurfa að takast á við grófa kynferðislega áreitni, ofþreytu og virðingarleysi gagnvart starfinu. Þær segja glansímyndina ekki nálæga raunveruleikanum.

Auður Ösp
Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Það gleymist að taka inn í myndina þreytuna. Þessa endalaus þreytu. Ímyndin er af skvísu með há laun sem er alltaf í útlöndum að versla. Það er ekkert glæsilegt að þrifa upp ælu eftir veikan farþega eða standa undir öskrum frá reiðum farþega," segir 27 ára gömul íslensk kona sem starfað hefur sem flugfreyja í rúmt ár. Flestar flugfreyjur telja að ímynd starfsins sé langt frá því að vera í samræmi við raunveruleikann. Margvíslegir þættir í starfinu eru faldir á bak við dýrðarljómann, svo sem ofþreyta, álag, virðingarleysi gagnvart starfinu og gróf kynferðisleg áreitni.

Þetta kemur fram í rannsókn Andreu Eyland sem árið 2017 útskrifaðist úr menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Í tengslum við MA-ritgerðina kannaði Andrea ímynd flugfreyjunnar og glansímyndina sem oftast en ekki fylgir starfinu.

„Ég var sjálf að vinna sem flugfreyja hjá WOW þegar það byrjaði og svo nokkrum árum seinna hjá Icelandair. Mér fannst ég alltaf svo þurrusin eftir flug og skildi varla af hverju, af því ég elskaði að fljúga og fannst vinnan svo skemmtileg. Þetta var meira en þreyta vegna þeysings um ganginn og ég vildi vita hvað



Margar flugfreyjur upplifa að fólk sé fullt af ranghugmyndum um starfið sem þær vinna.
MYND/PJETUR

tók svona mikið af mér," segir Andrea í samtali við DV.

Vel til hafðar þjónustustúlkur

Í tengslum við rannsóknina ræddi Andrea við átta íslenskar flugfreyjur á aldrinum 26–40 ára. Sú sem hafði stysta starfsaldurinn hafði unnið sem flugfreyja í rúmt ár en lengsti starfsaldurinn í hópnum var tíu ár. Flugfreyjurnar höfðu ýmist starfað hjá Icelandair eða WOW air.

Allar leggja þær áherslu á að þjálfun flugfreyja sé mikilvæg og í raun mun erfiðari

en fólk gerir sér grein fyrir. Aðeins einn dagur af margra vikna námskeiði færi í kennslu um einkennisfatnað og útlitskröfur. Að öðru leyti snýst þjálfunin nær eingöngu að efni um flugvélna og öryggi um borð í henni.

Eitt af því sem kemur fram í samtölum við flugfreyjurnar er kynferðisleg áreitni sem þær verða fyrir í starfinu. Ein úr hópnum talar um að áreitni sem flugfreyjur verða fyrir geti orðið alvarlegt.

„Maður á að vera alveg ótrúlega sætur og sexí, sem er alveg út í hött," segir hún og nefnir sem dæmi að á tímabili hafi flugfreyjur gengið um með nafnspjöld en því hafi síðan verið hætt. Ástæðan var sú að ágengir karlkyns farþegar voru að fletta flugfreyjunum upp á Facebook og senda þeim skilaboð.

Purfa að geta höndlað þreytuna

Í samtölum Andreu við flugfreyjurnar kemur einnig fram að flestar þeirra hafa upplifað ofþreytu og meðal annars segjast tvær þeirra hafa tilkynnt sig frá vinnu vegna þess. Flugfreyjur eru raunverulega sjaldnast í fríi, frídagarnir eiga að nýtast í hvíld eftir flug og fyrir næsta. Krafa um að vera úthvíld, ávallt viðbúin, fersk, fín og í góðu skapi er raunveruleg.

„Maður verður að vera alltaf upp á sitt besta, þess

vegna verður maður að virða hvíldartímann sinn," segir ein úr hópnum.

Önnur flugfreyja úr hópnum segir að þreytan tengd starfinu hafi komið á óvart.

„Þetta er alls ekki allra. Þú verður að geta vaknað mjög snemma og þú verður að geta verið hress og þú verður að geta höndlað þreytuna. Sumir gera sér ekki grein fyrir hvað þetta er erfitt starf."

Þá nefna margar af flugfreyjunum virðingarleysi annarra gagnvart starfinu.

„Ég held að fæstir farþegar geri sér grein fyrir hvað flugfreyja getur og hvernig hún tæklar erfiðar aðstæður og ég held að það sjáist ekki utan á manneskjunni," nefnir ein flugfreyja úr hópnum. Önnur bendir á að starfið snúist um margt annað en að bera slæðuna vel.

„Þú þarft að vera amma, þú þarft að vera mamma, sálfræðingur, hjónabandsráðgjafi, læknir, öryggisvörður, já, þú þarft að vera tilbúin í hvað sem er."

Setja upp grímu í vinnunni

Í samtali við DV segir Andrea að niðurstöðurnar hafi rennt stöðum undir hennar eigin hugmyndir. „Mig grunaði að ímynd flugfreyjunnar og þetta „leikrit“ sem þær eru í í vinnunni hefði áhrif, en ég var kannski ekki með á hreinu hversu mikið. Rauði þráðurinn var að þær viður-



Andrea Eyland
framleiðandi og MA í menningarstjórnun

kenndu nánast allar að þær settu upp grímu í vinnunni, það væri hluti af starfinu og þær notuðu búninginn til þess að búa til þessi skil milli sín og kunnanna."

Eitt af því sem Andrea tengdi við var að koma „tóm“ heim úr vinnunni þegar hún starfaði sem flugfreyja. „Ástæðan fyrir að ég kom tóm heim úr vinnunni var sú að ég gaf svo mikið af mér og gaf allt mitt í vinnudaginn. Þetta upplifði ég sérstaklega hjá WOW air, enda var ætlast til þess þar að vera mega hress og kát, alveg sama hvernig manni leið. Þegar ég starfaði síðan hjá Icelandair var ég sjálf passasamari að gefa ekki sjálfa mig í vinnuna heldur nota búninginn sem „skjöld“ milli mín og farþega."

Kjarabaráttu flugfreyja hefur verið mikið til umræðu undanfarnar vikur.

„Umræðan er oft á villigötum. Flugfélögin eru oft fátánleg þegar þau koma fram í fréttum um laun flugfreyja. Þetta fólk eyðir helmingi mánaðar burtu frá fjölskyldum sínum og þegar flugfreyjur eru ekki í vinnunni eru þær þreyttar eftir flugið eða að hvíla sig fyrir næsta flug. Allt snýst um flugið." ■

Gledilegt veidisumar!

VEIÐIKORTID 2020

www.veidikortid.is

Fæst hjá N1 - OLÍS og veidiverslunum



Á ferð um landið

FLÚÐIR

Nú þegar landsmenn hyggja á ferðalög innanlands er gaman að vekja athygli á afþreyingu víðs vegar um landið. Í næstu tölu- blöðum DV verður ein síða helg- uð vinsælum áningarstöðum og farið yfir hvað ferðamenn mega ekki láta fram hjá sér fara.



MYND/IAN BRIDGEFORD



MYND/TM

SVEPPASTAÐURINN FRÆGI

Farmers Bistró er skemmtilegasta sveppa-tripp sem þú kemst á. Eigendur Flúðasveppa, eina sveppabús landsins, opnuðu þennan stórskemmtilega veitingastað þar sem sveppir eru í aðalhlutverki. Matseðillinn er frumlegur og skemmtilegur en þar er að finna paprikusnafs, sveppaís og gulrótarköku með marmelaði svo fátt eitt sé nefnt. Auk girnilegra svepparéttar er þar hægt að kaupa grænmeti frá gróðrarstöðinni Flúða-Jöfra, sveppi í kílóavis að ógleymdum sveppamassanum stórkostlega.

Sveppamassi er jarðvegsbætir sem fellur til við ræktun ætisveppa á Flúðum og inniheldur íslensk náttúruæfni eins og bygghálm, reyr, kalk og mómold og þykir sannkallað undraefni. Massinn góði þykir bæta og kæta garða, plöntur og grænmetisrækt svo um munar.

Á Farmers Bistró er hægt að sitja úti í góðu veðri og jafnvel koma á hestbaki en þar er hestagerði fyrir utan. Einnig er hægt að bóka skoðunarferð um svepparæktunina.



MYND/ELLERT GRÉTARSSON

DÚKKUSAFNIÐ

Dúkkusafnið hennar Margrétar Emilsdóttur er sennilega stærsta dúkkusafn landsins en það telur vel á annað þúsund dúkkur. Safnið er staðsett í bílskúr á Laugarlandi, rétt fyrir ofan sundlaugina. Þar við hliðina á er einnig gróðurhús sem selur sumarblóm á góðu verði. Skemmtilegt stöpp fyrir börn á öllum aldri.



MYND/ANTON BRINK

ELSTA LAUG LANDSINS

Gamla laugin, eða The Secret Lagoon eins og hún er kölluð, er elsta laug landsins en hún var steypt 1981. Lauginni hefur verið haldið nokkuð upprunalegri þótt búið sé að bæta við búningsklefum og veitingasölu. Gestir geta pantað sér drykki ofan í laugina en hún er mjög vinsæl. Ef keyrt er örlítið lengra inn sama afleggjara er þar að finna litla gróðrarstöð þar sem hægt er að kaupa tré og sumarplöntur á mjög góðu verði.



MYND/TM

BRÚSAPALLUR

Stopp hér, kæri kryddjurtaunnandi! Þetta er þitt himnaríki. Við aðalgötuna á Flúðum – þá sömu og matvöruverslun staðarins stendur við – er að finna gróðurhús. Þar er að finna alls konar gúmmelaði beint frá bónda. Bæði kryddjurtir – einstaklega stórar og góðar – salat, tómata, ber, frosið kjöt og sultur svo eitthvað sé nefnt.

HÓTEL FLÚÐIR

Icelandair Hótel Flúðir er virkilega skemmtilegt og notalegt hótél vilji fólk stoppa lengur og njóta þess sem þorpið hefur upp á að bjóða. Hótelið er byggt í kringum hótélgarð sem skartar tveimur heitum pottum og úti-setusvæði. Veitingahús hótelsins er mjög gott og almennt góð stemning á staðnum. Í sumar er boðið upp á sérstakt tilboð.



MYND/ADSEND

MINILIK – EPIÓPÍSKUR VEITINGASTAÐUR

Fyrir þá sem vilja prófa framandi matargerð er agnar-smár epiópískur veitingastaður við tjaldsvæðið. Afrísk framandi krydd, húsbúnaður, ilmur og fatnaður eigenda staðarins virkjar öll skilningarvit svo um munar. Veitingahúsið hefur getið sér gott orð og fær mjög góða dóma á Tripadvisor, eða 4,5 stjörnur af 5 mögulegum, en yfir 200 manns hafa gefið staðnum umsagnir.



MYND/VALLI

Una í eldhúsinu

Una Guðmundsdóttir, matgæðingur DV, smellir hér í sumarlega rétti sem lágmarka inniveruna og hámarka ánægjustundir við matarborðið – úti eða inni.



Sumarlegur rósakokteill

Margar tegundir rósa eru ætar og gefa skemmtilegt bragð. Má þá helst nefna íslensku Hansarósina sem er dísæt á bragðið og fullkomin til að skreyta mat með eða nota í kokteila. Gætið þess þó að ekki sé búið að eitru rósarunnann ef borða á rósaablöðin og skolið þau vel.

3 flöskur Rósalímonaði t.d. frá Fentimans
Gott gin
4 jarðarber
1 sítróna eða agúrka klaki

Mælið einfaldan gin í hvert glas. Bætið við 2 veglegum klökum og sítrónusneið eða gúrkusneið í hvert glas. Skerið hvert jarðarber í bita og setjið í glösin. Fyllið upp með límonaði.



Oreo-ostakökur

1 pakki Royal-vanillubúðingur
150 g flórsykur
500 g rjómi
500 g rjómaostur
1 tsk. vanilludropar
2 stk. Oreo-kexpakkar, ég notaði einnig míní Oreokex til að skreyta.

Byrjið á því að þeyta Royal-búðinginn saman við 1 dl af mjólk og kælið í ísskáp í um 10–15 mínútur.

Þeytið rjómann vel og blandið svo saman rjómaostinum og þeytið vel saman. Næst er flórsykrinum bætt

saman við og vanilludropunum. Að lokum er vanillubúðingnum bætt saman við.

Oreo-kexkökurnar eru settar í matvinnsluvél eða blandarann og hakkaðar niður í fína mylsnu.

Setjið Oreo-kexmylsnuna í botninn og þar á eftir rjómaostablönduna.

Skreytið svo að vild.

Best er að geyma ostakökurnar í kæli í um klukkustund áður en þær eru bornar fram.



MYNDIR/UNA

Sumarlegar ostakökur með lime

1 pakki LU-kex
500 g rjómaostur
500 g rjómi
1 pakki Royal-vanillubúðingur
1 tsk. vanilludropar
60 g flórsykur
2 stk. lime

Myljið LU-kex í matvinnsluvél og setjið í botninn á glösunum. Þeytið rjóma létt, ekki stífþeyta hann.

Blandið Royal-vanillubúðingi saman við 1 dl af mjólk og kælið í ísskáp í um 10 mínútur og blandið honum svo saman við rjómann.

Þeytið rjómaostinn, flórsykurinn og vanilludropana saman við rjóma-blönduna. Kreistið safu úr einu lime saman við blönduna.

Leggið blönduna yfir kexmylsnuna, skreytið með lime og kælið í um klukkustund áður en borið er fram. Verði ykkur að góðu.

Þessar litlu ostakökur fullkomna góða sumarmáltíð, létt og ferskt bragð.

Þarftu skjóta verkun gegn frjóofnæmi?

VERKAR
INNAN

15

MÍNÚTNA

Langverkandi

Hentar ófrískum konum
og konum með barn á brjósti

OFNÆMISLYF
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Livostin® verkar innan 15 mínútna

Fullkomin skúffukaka með kaldri mjólk og rjóma

Dagar Eddu Hermannsdóttur eru fjölbreyttir og það er mataræði hennar einnig. Hún nýtur þess að vera í eldhúsinu og segir að þar séu dýrmætustu fjölskyldustundirnar.

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Edda Hermannsdóttir er vel kunnug landsmönnum úr fjölmiðlum. Í dag starfar hún sem markaðs- og samskiptastjóri Íslandsbanka og var að gefa út bókina Framkoma. Hvað ætli rithöfundurinn borði á venjulegum degi?

Hefðbundinn dagur

„Dagarnir mínir eru frekar fjölbreyttir. Venjulega er ég mikið á ferðinni á fundum en í ljósi COVID hef ég verið heima að vinna síðustu vikur sem breytir taktinum mikið og hægir á manni sem er mjög ljúft. Hefðbundinn dagur byrjar snemma hjá okkur fjölskyldunni og ég fylgi börnunum í skólann áður en ég fer í vinnuna. Ég nýti tímann í bílnum til að taka fyrstu símtöl dagsins eða hlusta á gott hlaðvarp. Já og hringja í mömmu, það er nauðsynlegt á hverjum morgni. Ef tími gefst til þá næ ég einum kaffibolla með vinkonu fyrir vinnu áður en við mætum klukkan níu,“ segir Edda.

„Ég hef alltaf hreyft mig mikið og hef það frekar fjölbreytt og hlusta á hvað líkaminn vill gera. Ég hleyp mikið og við fjölskyldan höldum mikið upp á sundlaugarnar. Það besta eru síðan göngutúrar með góðum vinum eða fjölskyldu.“

Borðar fjölbreytt og hollt

„Ég get eiginlega ekki borðað það sama tvo daga í röð, það leiðist mér svakalega. Ég hef oft reynt að temja mér agað mataræði en hætti því oftast áður en ég byrja. En heilt yfir borða ég fjölbreyttan og hollan mat svona á móti því að hafa sérstakt dálæti á súkkulaði. Mér finnst þetta alltaf snúast um gott jafnvægi, borða það sem mann langar í en helst ekki of mikið af því og reyna að forðast boð og bönn,“ segir Edda.

Eldhúsið griðastaður

Edda nýtur þess að vera í eldhúsinu og finnst fátt betra en að kveikja á kertum og elda eftir vinnudaginn.

„Mér finnst eldhúsið líka vera hálfgerður segull á börn og bestu stundirnar að dunda þar með þeim og fara yfir dag-



Edda Hermannsdóttir er hrifin af ítalskri matargerð.

MYNDIR/VALLI

Matseðill Eddu

Morgunmatur

Ég sleppi oftast morgunmat en ég geri reglulega spínatdrykk sem er í uppáhaldi hjá fjölskyldumeðlimum. Ristað brauð með banana eða heimagerðar bollur eru síðan nauðsynlegar um helgar.

Millimál 1

Góður súkkulaðimoli með kaffinu.

Hádegismatur

Ég er svo góðu vön að vera á vinnustað þar sem er framúrskarandi matur í hádeginu og salatbar með. Kjúklingur eða fiskur með salati er þar mjög algengt á disknum.

Millimál 2

Ég gleymi þessu millimáli oftast. Best finnst mér ef ég næ að skera epli eða fá mér eina hrökkbrauð með osti.

Kvöldmatur

Algengasti maturinn hér á virkum degi er fajitas. Bæði er það einfalt, með miklu grænmeti og börnin elska þetta.



Edda ásamt syni sínum, Sigurði Halldórssyni.

Einföld og fullkomin skúffukaka

„Okkur fjölskyldunni finnst mjög gaman að baka saman og nú er reyndar svo komið að börnin vilja helst baka án mín og ég á aðeins að smakka afurðina, sem er mjög skemmtilegt. Mamma átti þessa skúffukökuppskrift sem við notum mikið og höfum endurbætt í gegnum árin. Hún er einföld og fullkomin með ískaldri mjólk og rjóma,“ segir Edda.

3 bollar hveiti
1,5 bollar sykur
1 msk. síróp
3 egg
2 bollar AB mjólk
Ca 200 g brætt smjör

5–6 msk. kakó (helst frekar dökkt)
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. matarsódi
Skvetta af vanilludropum

Bakað í 15–20 mínútur við 175° – ekki blástur.

Pottakremið
200 g smjör brætt í potti
Tæplega pakki flórsykur
Kakó eftir smekk – fer eftir hversu dökkt kremið á að vera
2–3 msk. kaffi
1 tsk. vanilludropar

Hrært við vægan hita í potti þar til kremið verður mjúkt og slétt.

„Ég get eiginlega ekki borðað það sama tvo daga í röð, það leiðist mér svakalega.“

inn og veginn. Ég er ágætur kokkur en ég er líklega betri bakari og finnst mjög gaman að baka brauð og kökur. Það er líklega eitthvað svo ljúft við að finna baksturslyktina í húsinu,“ segir hún.

Ítalskt í uppáhaldi

Edda er mikill aðdáandi ítalskrar matargerðar.

„Pasta með heimagerðri sósu úr tómagrunni og nóg af kryddjurtum og parmesan er í miklu uppáhaldi. Við spartilefni er uppáhaldið mitt líka nautalund í trufflulegi sem sambýlismaður minn eldar og þá er bearnaise-sósan nauðsynleg með,“ segir hún. ■

SPIRULINA PERFORMANCE BLUE

LÍFRÆNT
FJÖLVÍTAMÍN
NÁTTÚRUNNAR



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

LÍFRÆN NÆRING ORKA OG EINBEITING ALLAN DAGINN

Gott við streitukvíða,
miklu álagi og truflar
ekki svefn.



KAUPAUKI Ultra Immunity Relief

Grasajurtir sem styrkja:

1. Ennis- og kinnholur.
2. Háls.
3. Lungu og brjósthol.

Vel þekktar grasajurtir sem
hafa samverkandi virkni til
styrkingar.

Öflug blanda þektra
grasajurta þegar þörf
er á skjótum stuðningi.
Styrkjandi fyrir líkamann
við álag.



Finn ekki lengur streitu eða kvíða sem plagaði mig.

"Hafði glímt við kvíða og vanlíðan, leitaði aðstoðar og í þetta sinn byrjaði ég jafnframt á Spirulina Performance BLUE, með því öðlaðist ég eins og annað líf, varð glaðari og miklu orkumeiri. Fór að geta skipulagt mig og áhugamálið mitt sem er ljósmyndun. Finn ekki lengur streitu eða kvíða sem plagaði mig."

Hreinn Gottskálksson, verktaki.



Get einbeitt mér allan daginn.

"Þegar ég vann að doktorsritgerðinni minni þurfti ég að einbeita mér í 12-14 tíma en með Spirulina BLUE hvarf allur einbeitingarskortur síðdegis og þar með jukust afköstin og úthaldið. Þrátt fyrir aukna orku kom það ekki niður á svefni og hvíld, þvert á móti minni streita og betri hvíld. Síðan þá nota ég Lifestream Spirulina Performance BLUE daglega."

Snjólaug Ólafsdóttir, doktor í umhverfisverkfræði.

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina í

Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu um erfiðan skilnað í kjölfar framhjáhaldds.

Sérfræðingur svarar



ER VIT Í AÐ TAKA SAMAN AFTUR?

Sæl. Fyrir tæpu ári skildi ég eftir rúmlega 30 ára hjónaband eftir að ég komst að því að maðurinn minn hafði verið í sambandi við aðra konu í nokkra mánuði.

Við höfðum átt í erfiðleikum í hjónabandinu og höfðum rætt skilnað en það vildi hann alls ekki. Mér fannst hann oft koma illa fram við mig, sérstaklega innan um aðra þar sem hann hunsaði mig algjörlega og valdi félagsskap annarra kvenna. Ég sagði honum að þessi framkoma særði mig en ekkert breyttist, versnaði frekar.

Þegar ég komst að framhjáaldinu laug hann allt þar til ég var komin með sannanir og hefur í raun lítið viðurkennt annað en það sem ég gat sannað. Mér er búið að líða mjög illa eftir skilnaðinn og finnst allir taka hans málstað enda er hann mjög vinsæll og vel liðinn. Fjölskylda mín hefur til dæmis verið í meira sam-

bandi við hann en mig eftir skilnaðinn.

Ég var lengi mjög reið við hann en mér finnst vont að vera svona reið svo ég fór að hafa samband við hann fyrir um tveimur mánuðum. Hann virtist mjög ánægður með það og fljótlega fórum við að sofa saman. Hann sagðist hafa verið í sambandi við konuna sem hann hélt við í vetur en væri búinn að átta sig á því að hann væri ekki nógu hrifinn af henni til að taka upp opinbert samband við hana ef hún skildi við sinn mann. Hann viðurkenndi þó að hann hefði ekki sagt henni það og í raun ekki slitið sambandinu. Hann segir að ég gæti alveg treyst honum, hann mundi aldrei gera mér þetta aftur en ég finn að ég treysti honum ekki.

Honum finnst t.d. enn þá að samband hans við konuna meðan við vorum gift sé hans einkamál og komi mér ekki við og neitar að ræða það. Er eitthvert vit í því að taka saman við hann aftur?



MYND/GETTYR

Sæl, og takk fyrir spurninguna. Hér er greinilega um margþættan vanda að stríða sem ekkert einfalt svar er til við.

Ég get aðstoðað þig við að greina vandann en það ert þú sem þarft á endanum að taka afstöðu til hans. Þú ert sérfræðingurinn í þínu lífi og þú veist best hvað þú þráir. Þá þekkir þú ykkar tengsl og þínar tilfinningar. Þetta þarft þú allt að hafa til hliðsjónar þegar þú tekur ákvörðun.

Það getur reynst vel að rýna í söguna ykkar. Þú nefnir að þið hafið glímt við erfiðleika í hjónabandinu áður en framhjáaldið kom upp. Voru það viðvarandi erfiðleikar? Náðuð þið tökum á þeim, funduð þið ykkar bjargráð við þeim vanda?

Þarna getur mergur málsins legið. Ef þið eigið sögu um gott parsamband þar sem upp hafa komið vandamál sem þið gátuð leyst þá gefur það vísbendingar um að þið eruð fær um að vinna ykkur út úr vandamálunum. Ef þið áttuð góðar stundir saman og tíma-bil þar sem parsambandið stóð á öruggum grunni, þá veistu að þið eigið eitthvað til þess að stefna að eða byggja á.

Áföll geta styrkt sambandið

Framhjáhöld eru sár áföll sem setja mark sitt á öll sambönd þar sem slíkt kemur við sögu. Hvernig framhjáaldið ber að, hversu lengi það varir og hver ásetningurinn var getur haft mikið að segja hvernig tekst til við að vinna úr slíkum atburðum.

Aftur á móti, ef vilji er fyrir hendi beggja vegna borðsins þá geta erfiðleikar og áföll styrkt parsambandið ef unnið er að lausnum til framtíðar með það að markmiði að allir séu öruggir í sambandinu. Slíkt getur kallað á mikla vinnu sem ég mæli alltaf með að sé undir leiðsögn fagaðila.

Þú nefnir að maðurinn þinn hafi ekki viðurkennt gjörðir sínar fyrr en þú hafðir nægar sannanir og að þú upplifir ekki mikla eftirsjá í hans fari. Er það þín upplifun eða hafið þið rætt hvað liggur þar að baki? Getur verið að hann skammist sín og sé með samviskubít en að það birtist með þessum hætti?

Ef svo er ekki, ef honum finnst framhjáald vera sitt einkamál og að hann hafi rétt á því í sambandinu ykkar þá verður þú að taka afstöðu til

þess. Er það eitthvað sem þú getur sætt þig við? Sumir velja að vera í opnum parsamböndum en það sem mestu máli skiptir er að um það ríki samkomulag sem allir staðfesta. Framhjáald merkir að gengið er framhjá annarri manneskju, það getur aldrei verið einkamál.

Nú, ef maðurinn þinn getur fullvissað ykkur bæði um að svona hegðun muni ekki endurtaka sig þá er þetta spurning um hvernig og hvort þú getur treyst því. Traust getur horfið á sekundubroti en það kostar alltaf bæði áhættu og tíma að endurskapa traust. Áhættu um að traustið verði aftur brotið og tíma til þess að meta hvort satt reynist. Er það áhætta sem þú ert tilbúin til þess að taka og langar til þess að setja orku í?

Rörsýn eða hugsanaskekking

Hér get ég velt upp spurningum sem hjálpa þér að kalla á þínar skynsemisrádir en á endanum er líklegt að ákvörðun þín byggist fyrst og fremst á tilfinningum þínum. Hvað segja þær? Hvernig líður þér með þetta? Hvað þarft þú til þess að taka ákvörðun?

Varðandi stórfjölskylduna þína, þá er það annar vandi sem þarfnast greiningar. Ég

velti fyrir mér hvers vegna þau taka afstöðu með manni sem heldur framhjá þér? Liggur þar eitthvað meira að baki? Einnig kvikna hjá mér spurningar í tengslum við þína upplifun, getur verið að þú sért að upplifa þau í hans liði en svo sé í raun ekki?

Þegar fólk líður illa þá sér það heldur neikvæða atburði en þá jákvæðu. Þú nefnir að þér sé búið að líða illa frá skilnaði, sem er eðlilegt, en það getur líka framkallað rörsýn eða hugsanaskekkingur þar sem þú sérð og heyrir aðallega merki um að allir standi gegn þér. Ef þú mógulega getur myndi ég hvetja þig til þess að eiga samtalið þá sem þér sárnar mest. Segðu hvernig þér líður, hlustaðu á þeirra hlið og ræddu um hvað þú þurfir svo þér líði betur.

Ekki fórnarlamb

Ef þú að endingu ákveður að byrja með mannum þínum aftur þá gæti verið ráð að líta á það sem upphaf að ævintýri. Byrjið saman frá byrjun, ekki gleyma tilhugallífinu. Rifjið upp hvernig fólk fer á stefnumót, hvaða samtöl þau eiga og finnið neistann sem eitt sinn var. Eins getur verið gott ráð að hitta fagaðila til þess að hjálpa ykkur með fyrstu skrefin og skýr-

ari samskiptamáta. Hver veit nema þetta nýja parsamband verði á allt annan veg en áður hefur verið.

Ef þú velur að ganga honum ekki samferða lengur, þá er mikilvægt að líta til þess að það ert þú sem tekur ákvörðunina. Við skilnað ykkar hefur þú vafalaust upplifað mikla höfnun. Ef þú tekur núna ákvörðun um að þú viljir ekki hefja samband á ný þá ert þú að „skila höfnuninni“, sumir myndu segja snúa vörn í sókn. Það gæti fleytt þér inn á sterkari braut þar sem þú ert ekki fórnarlamb heldur gerandi í eigin lífi sem þú velur að hafa á annan hátt en lagt var upp með.

Þú stendur augljóslega á krossgötum. Þær geta skapað tækifæri, hvort heldur sem þú velur hægri eða vinstri. Nú er bara að leggjast undir feld, taka ákvörðun og sjá hvert hún leiðir þig. Góða ferð. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.



Náttúrulegt Þörunga magnesium

Mikil virkni

Gott að taka inn á morgnanna

- Uppspretta orku í frumunum
- Nauðsyn fyrir efnaskipti og brennslu
- Styður vellíðan og einbeitingu
- Minni sykurlöngun og streita
- Veitir slökun og betri svefn
- Tauga- og vöðvastarfsemi

Þægileg bragðlaus inntaka í köldu vatni.

Þörungamagnesium þolir magasýrur.

Mikil upptaka í líkamanum. Fæst bæði í dufti og hylkjum.

Frábært að blanda út í olíu til að nudda stífa vöðva.

Nánar um magnesium á www.celsus.is



Hreinir
þörungar

3ja mánaða
skammtur

 **lifestream**
náttúruleg uppspretta bætiefna

Fæst í apótekum, Hagkaup, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu, Melabúðinni, Græn heilsa.

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

			3	4	2	1	9	7
9		7			5			
1		2		6				
2				7		8		
	9						1	
		4		1				9
				9		4		5
			7			2		6
4	3	5	6	2	9			

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11						12				
13						14				
15					16		17			
18				19			20			
			21			22				
23	24	25			26			27	28	29
30					31		32			
33				34		35				
36						37				
38						39				

LÁRÉTT

- grön
- sverfa
- pressuger
- viðburður
- leikni
- pússa
- rabb
- mjög
- stæla
- kusk
- band

LÓDRÉTT

- kringja
- sót
- dreifa
- hljóðfæri
- stig
- meginæð
- dæla
- hlýða
- vesæll
- dýr
- snerill
- glápa

LÓDRÉTT

- komast yfir
- lófatak
- hvetja
- erfðavísa
- glóðarsteikja
- óðagot
- áhlaup
- fljúga
- krydd
- hneta

LÓDRÉTT

- vísa leið
- rauðbrúnn
- stjórnaraðsetur
- spergill
- skorpa
- greinamerki
- aldin
- tryggingafé
- undireins
- óskert
- kk. nafn

STAFARUGL

Leynigeturinn í síðasta stafarugli var hin illa séða borg **VERONA** á Ítalíu þar sem margir Íslendingar sýktust af COVID-veirunni og hugsa því vart með hlýhug til hennar svo ólíklegt verður að teljast að margir vilji heimsækja borgina í bráð. En núna segir þríeykið að mörlandinn megi vera eins og beljurnar á vorin hoppandi úti um allar köppagrunDIR, að vísu þó aðeins 200 í einu, en það er nú léttvægt miðað við síðustu mánuði.

Svo er sólin farin að láta sjá sig oftar og hitinn farinn að sýna tveggja stafa tölu dag og dag svo ekki er að undra

Húsvík Þingvellir Atlavík Ásbyrgi	Reynisfjara Seyðisfjörður Gullfoss Mývatn	Akureyri Geysir Borgarnes Snæfellsjökull	Aðalvík Dettifoss Húsafell Búðir	Hólmavík Gunnhver Selvogur
--	--	---	---	----------------------------------

I	B	B	E	Á	M	I	K	N	Y	G	I	K	U	E	I	G	F	Í	G	E	R	Ú	Í	Á	B	L	H	S	Y
V	I	Ó	M	Y	Ó	É	Ú	S	G	P	R	O	Ð	M	S	J	L	O	Ý	I	J	Í	Í	N	T	N	U	D	E
I	D	H	Y	T	P	I	Ó	L	J	F	P	N	J	H	E	A	V	U	O	X	P	R	H	Ú	B	V	Á	Ú	Y
L	X	V	N	I	Ú	P	Ú	F	B	P	T	Ð	S	B	Y	H	D	V	É	M	Ý	G	P	P	Ó	K	V	F	V
T	E	K	O	Ú	U	O	Ó	T	H	É	L	F	R	R	Ð	X	B	S	Ú	A	U	T	M	X	A	E	O	M	G
Ð	B	Y	E	Ó	G	E	Y	S	I	R	E	S	B	É	I	Ý	Ú	Á	O	Ó	T	L	E	R	B	N	Í	Á	
D	V	G	K	E	Á	U	U	E	Á	A	J	V	U	K	S	L	M	G	J	F	B	L	A	Ð	U	Ú	Í	H	H
F	D	Ó	Y	D	I	X	Ð	L	Í	B	P	S	É	L	F	U	P	Ð	R	Í	K	J	A	Y	Á	G	Ð	Y	L
H	T	Ý	I	J	T	H	P	V	Í	Ð	F	A	N	T	J	I	R	J	E	M	F	G	P	V	M	M	Ý	I	A
K	Á	V	G	Ý	R	Á	I	O	N	V	D	M	O	Ó	Ö	F	X	V	I	S	Ó	Ú	M	Á	Í	P	Í	S	R
J	Ú	X	G	N	T	I	I	G	U	P	Í	N	O	R	Ó	Ð	U	I	É	Ú	Y	R	Ó	L	K	R	G	P	
É	J	K	V	V	H	Ý	X	U	Í	L	F	Y	Ý	A	Ð	D	Ó	N	J	S	L	I	É	F	J	E	B	U	Í
Ó	K	B	G	R	H	S	Ð	R	U	R	P	Y	Í	B	U	V	Y	F	K	G	M	Y	N	E	A	Ó	J	H	Ý
S	Á	D	O	Á	Ú	B	Í	G	D	U	J	L	S	É	R	E	G	F	Ú	Ó	J	S	S	L	Ú	A	H	A	S
K	B	É	H	P	S	R	S	O	É	M	O	G	X	O	R	N	K	T	S	P	U	N	D	Í	I	O	V	V	Ð
Ú	R	A	J	S	A	S	K	T	U	V	F	É	T	J	Ú	D	Á	E	K	X	I	N	T	T	Ó	E	Í	B	X
R	U	M	P	V	F	É	J	A	O	A	O	M	Ý	V	A	T	N	T	Ð	Y	S	Ý	F	F	O	J	O	M	Á
F	S	N	Æ	F	E	L	L	S	J	Ö	K	U	L	L	H	R	I	Ý	É	R	N	É	M	H	Í	O	M	S	S
K	T	É	U	I	L	O	Á	J	D	H	Ó	Ð	E	H	A	Ó	É	P	B	Ý	S	N	O	S	R	Ý	X	J	M
I	U	X	K	K	L	L	T	R	P	U	Ú	B	B	G	F	Í	L	K	L	O	F	U	D	K	Ý	Y	G	S	Ý
Ó	É	Í	É	S	Ý	L	O	Ý	V	K	M	S	R	R	Ó	Ð	B	M	K	Ý	A	S	T	Á	V	Ó	M	L	V
Á	Ý	P	K	H	F	D	Ú	E	P	Y	V	O	A	Ý	N	F	U	J	A	É	O	R	Ð	V	Ó	Y	T	Ú	F
F	A	U	L	J	G	Y	J	O	H	F	B	F	B	V	I	Ó	O	Í	P	V	Ð	V	Ý	Á	N	G	N	N	Ú
U	O	Ó	D	Á	R	N	A	N	B	B	X	Ý	V	E	Í	T	K	S	Y	X	Í	T	I	G	O	Ú	Ó	A	X
N	H	A	E	U	X	N	L	K	É	A	Ó	V	B	G	F	K	G	K	O	V	O	K	K	U	P	E	D	Ý	D
Ó	S	R	G	N	R	Á	Í	J	U	P	Ð	J	Ó	L	B	E	R	F	Ð	T	Ð	S	Y	L	S	Ó	Y	F	E
U	N	G	E	I	G	M	Á	U	É	R	D	Y	E	E	B	X	H	A	U	J	T	Ý	E	L	J	O	J	R	G
I	T	U	F	Y	É	V	U	Ú	É	É	E	Í	Á	R	Í	M	Í	Y	R	S	V	X	Ý	F	S	Ð	E	S	V
U	H	N	R	Á	K	F	G	K	I	Y	X	Y	L	S	H	Ð	X	V	I	P	D	M	É	O	D	I	P	I	P
T	P	N	P	K	O	J	B	U	O	S	T	X	R	B	B	Ó	R	D	U	K	G	S	B	S	B	R	F	E	D
M	Ý	U	E	E	N	I	A	Á	Y	O	M	L	Á	I	M	Y	Þ	S	B	D	Ý	N	J	S	É	É	Í	Í	E
A	Ó	H	Í	J	P	E	K	V	T	Ú	O	O	V	V	Y	I	R	I	T	X	E	Ú	A	X	L	M	Ý	S	I
A	K	V	L	Ý	Ú	H	F	Á	Í	F	T	D	X	F	Í	D	G	G	N	A	O	T	B	K	É	M	U	Ó	É
X	Í	E	Á	A	Ó	Ú	A	G	O	K	É	J	B	L	I	I	M	O	I	G	Á	F	T	E	L	M	G	F	D
B	M	R	T	Í	J	A	Ð	A	L	V	Í	K	F	Ð	H	M	X	Ð	V	J	V	Y	P	I	Ð	F	U	F	Ý
Ð	D	K	U	D	D	S	Á	É	L	X	D	S	F	U	Ý	Ð	I	T	L	Á	H	E	P	T	F	É	Y	O	D
Y	R	F	F	N	R	R	L	G	Á	Ý	K	B	I	T	D	L	I	L	Ú	U	T	S	L	X	O	O	O	L	I
Ú	P	O	E	É	L	V	G	T	Y	M	Y	K	R	H	X	Ú	É	P	L	E	E	T	V	L	K	T	S	K	E
Y	E	Ð	Ó	N	K	T	K	A	Ú	M	É	X	X	R	P	S	S	Ó	V	Ð	P	É	É	I	P	O	S	J	
J	U	V	F	T	M	Í	M	Y	Ý	N	R	T	Ú	O	D	I	L	Ú	Y	Í	U	K	Ð	R	Y	Á	L		



GÖNGUM INN Í SUMARIÐ



Göngusérkortin með grænu röndinni sýna leiðir sem síminn þinn veit ekki einu sinni um og koma þér örugglega á áfangastað



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opíð alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-16



TRISTAN THOMPSON

Skandalar virðast elta Tristan Thompson hvert sem hann fer. Körfubolta-kappinn og fyrrverandi kærasti Khloé Kardashian stendur nú í faðernismáli sem virðist engan enda ætla að taka. Fyrirsætun Kimberly Alexander heldur því fram að hann sé faðir fimm ára sonar hennar.

Tristan fór sjálfviljugur í faðernispróf sem var neikvætt. Þrátt fyrir það segist Kimberly vera viss um að hann sé pabbinn og heldur því fram að einhver hafi átt við prófið.

Nýlega var skilaboðum á milli Tristan og Kimberly lekið í fjölmiðla. Þar má sjá að Kimberly var ósátt við að þau hafi notað greiningarþjónustu sem Kardashian-fjölskyldan notar. Tristan hefur nú höfðað meiðyrðamál gegn Kimberly með aðstoð fyrrverandi kærustu sinnar og barnsmóður, Khloé Kardashian.

JUSTIN BIEBER

Pegar Justin Bieber var enn þá bara barn sagðist einn aðdáandi hans, hin tvítuga Mariah Yeater, að hann væri faðir dóttur hennar. Þetta var árið 2011 og kom hún fram í viðtali við slúðurblaðið Star. Mariah hélt því fram að þau hefðu eytt nóttinni saman eftir tónleika hans og þá nótt hafi dóttir hennar verið getin. Hún dró kröfu sína til baka eftir að Justin samþykkti að fara í DNA-próf. Fyrrverandi kærasti Mariuh viðurkenndi seinna meir að slúðurblaðið hafi borgað Mariuh fyrir að ljúga.



FAÐERNIS- SKANDALAR STJARNANNA

Stjörnurnar lenda oftast í faðernisskandölum en nokkur annar. Það er mikið í húfi sem veldur því að fólk í leit að peningum eða fimmtán mínútna frægð stígur fram úr skugganum. Hér gefur að líta nokkur fræg faðernismál sem gerðu allt vitlaust á sínum tíma.



KEANU REEVES

Árið 2009 sagði kona að nafni Karen Sala að Keanu Reeves væri faðir fjögurra barna hennar og hefði þar að auki dáleitt hana. Hún tók hann fyrir dóm og bað um 21 milljón króna

á mánuði í barnameðlag og 418 milljónir auka-lega í meðlag (e. spousal support). DNA-próf sýndu að leikarinn átti ekkert í börnunum og málinu var vísað frá.



KOURTNEY KARDASHIAN

Áður en raunveruleikastjörnurnar Kourtney Kardashian og Scott Disick skildu fyrir fullt og allt tóku þau sér pásu frá hvort öðru árið 2008. Á þeim tíma svaf Kourtney hjá fyrirsætunni Michael Girgenti. Níu mánuðum seinna fæddi Kourtney son hennar og Scotts, Mason Disick. Fimm árum seinna höfðaði Michael forsjármál fyrir dómi, en DNA-próf sýndi að Scott Disick er pabbinn.



STEVE JOBS

Áður en Steve Jobs varð tækniógullinn sem við þekkjum í dag var hann bara rólegur framhaldsskólaniemi sem átti kærustu. Árið 1978 eignaðist Chrisann dóttur og sagði að Steve væri faðirinn. Steve harðneitaði og sagðist vera ófrjór. DNA-próf sýndi annað en Steve neitaði að horfast í augu við sannleikann. Það var ekki fyrr en árið 1986 sem hann loksins hitti dóttur sína, Lisu Nicole, og hafa þau verið nán síðan.



MEL B OG EDDIE MURPHY

Eftir að Eddie Murphy skildi við eiginkonu sína til þrettán ára árið 2006 kynntist hann kryddpiunni Mel B. Fljótlega varð hún ófrísk og sagði Eddie vera föðurinn. Eddie þvertók fyrir það í heilt ár en samþykkti loks að taka DNA-próf árið 2007, sem sýndi að hann var faðirinn. Þrátt fyrir það hefur Eddie ekki viljað hafa neitt með dóttur sína, Iris, að gera.

SPÁÐ Í... stjörnurnar



LESID Í TAROT **Sigríður Klingenberg**

STJÖRNUSPÁ **Vikan 29.05. – 04.06.**

Heiðraðu þína innri drottningu

Það er mikill heiður að fá að spá fyrir frægustu spákonu landsins, Sigríði Klingenberg, sem er fædd í Nautsmerknu. Lúna Fírenza, spákona og tarotsystir DV, lagði spilin fyrir hana.

Nautið er þekkt fyrir að vera afar tryggt og þolinmótt en er þó frægt fyrir að vera þrjóskt. Nautin eru fagurkerar og kunna að meta það að hafa það notalegt í kringum sig og jafnvel baða sig í listum og merkjavöru.

Sverðdrottning

Lykilorð: Umbreyting, sjálfstæði, friðsemd, diplómátísk
Hér er um að ræða umbreytingu og endi á ákveðnum kafla, ef til vill er einhver þér kærkominn sem hjálpar þér að komast yfir ákveðinn hjalla og sjá hlutina í nýju ljósi sem friðar sál og hjarta. Þessi breyting verður til þess að þú finnr nýtt sjálfstæði til þess að taka af skarið með ný verkefni og nýja sjálfsást sem veldur því að þú farir að huga betur að sjálfri þér og þinni líkamlegu og andlegu heilsu. Þinn tími er kominn!

Myntdrottning

Lykilorð: Uppskera, velgengni, örlæti

Það kemur ekkert á óvart að það séu endalausar drottningar í þinni spá, enda heiðrar þú og upphæfur drottninguna í öllum í kringum þig en við minnum þig á að heiðra þína eigin innri drottningu. Þetta er sannkallað happaspil sem er hér komið í kortin og býður þér að mála þinn eigin veg og undirbúa þennan nýja kafla sem er fram undan með nýjum kröfum sem lofa þér að uppskera fyrir þá vinnu sem þú hefur þegar lagt á þig.

Sverðriddari

Lykilorð: Andlegur skýrleiki, vitsmunalegur kraftur, vald, sannleikur

Þú sérð allt í nýju ljósi og aftur er einhver þér við hlið sem ferðast með þér inn í þetta nýja ævintýri, einhver nýr einstakur vinskapur eða jafnvel sálufélagi af



MYND/EYÞÓR

Skilaboð frá spákonunni

Tími til að hlúa að sjálfum sér eftir að hafa gefið af þér árum saman.



einhverju tagi. Þú andar léttar og finnur mikinn létti við þessar breytingar og með því að sleppa takinu á ákveðnum hlutum nærðu loks að njóta þín betur og uppskera betri andlega heilsu.

Svona eiga þær saman

Tvær ástfangnar Meyjur

Þlötusnúðurinn Dóra Júlía Agnarsdóttir og Reykjavíkurmærin Bára Guðmundsdóttir eru nýtt par. DV lék forvitni á að vita hvernig turtildúfurnar eiga saman ef litið er til stjörnumerkjanna.

Dóra Júlía og Bára eru báðar Meyjur. Þegar tvær Meyjur koma saman getur það verið af tveimur ástæðum. Annaðhvort var það skynsamleg ákvörðunartaka sem leiddi þær hingað, eða að þetta var ótrúleg ást við fyrstu sýn sem er óútskýranleg með öllu.

Samskipti eru styrkleiki parsins. Meyjan á auðvelt með að tjá sig en gerir það mun frekar í gegnum skrifað form. Þær senda hvor annarri skilaboð og SMS allan liðlangan daginn.

Meyjan er smámunasöm og fegurðin við samband tveggja Meyja er að þær skilja báðar mikilvægi litlu hlutanna. Gallinn er sá að þær geta verið of uppteknar af smáa letrinu og misst sjónar af því sem skiptir virkilega máli.

Meyjurnar hafa svipað áhugasvið og geta í raun gert hvað sem er saman. Þær verða að leyfa ástinni og sköpunargáfunni að leika lausum hala, annars verður það mjög erfitt fyrir þær að verja tíma saman. ■



MYND/SKJÁSKOT INSTAGRAM

Dóra Júlía Agnarsdóttir	Bára Guðmundsdóttir
8. september 1992	3. september 1997
Meyja	Meyja
■ Trygg	■ Trygg
■ Ljúf	■ Ljúf
■ Vinnusöm	■ Vinnusöm
■ Hagsýn	■ Hagsýn
■ Feimin	■ Feimin
■ Of gagnrýnin	■ Of gagnrýnin

♈ Hróttur

21.03. – 19.04.

Hey, queen. Haltu þig bara við það að vera drottning en ekki drama-drottning. Það fer þér ekki eins vel og það er svo miklu auðveldara að sleppa því að tuða yfir því sem skiptir hvort eð er ekki máli. Jákvæðni er mantra vikunnar.

♉ Naut

20.04. – 20.05.

Málamiðlanir í kortinu þessa vikuna! Þú þarft mögulega aðeins að kyngja stoltinu og koma til móts við einhvern, ég veit þú getur það en ég veit líka að þú vilt það ekki en treystu mér, það mun vera þess virði!

♊ Tvíburar

21.05. – 21.06.

Hæhó jíbái jeiji! Afmælistánuðurinn þinn genginn í garð og þú nýtur þess að fá aukna athygli sem tvíbbanum finnst nú aldrei leiðinlegt. Fólk fylgist með þér þessa vikuna og leitar til þín með ýmis ráð. Mæli með að þú bullir þig áfram líkt og ég geri í þessari spá ... Fake it till you make it!

♋ Krabbi

22.06. – 22.07.

Tími til að hugsa upphátt og það mun koma þér á óvart að fólk sé svo bara til í það sem þú stingur upp á. Og þetta í hausnum á þér var síðan bara svo miklu minna mál en þú hélt! Óþarfi að flækja hlutina! Illu er best af lokið.

♌ Ljón

23.07. – 22.08.

Þig mun dreyma táknrænan draum í vikunni. Vertu á varðbergi, geymdu dagbók við rúmgafllinn. Kosmósið er að reyna að segja þér eitthvað, þú þarft bara að hlusta! Skilaboðin og svörin umlykja þig. Þú færð niðurstöðu í máli þessa vikuna.

♍ Meyja

23.08. – 22.09.

Venjulega eiga mistökín að kenna manni eitthvað þannig að maður endurtaki þau ekki. Þú, frú/herra mín/minn góð/ur, veist betur en að endurtaka eitthvað sem þú veist hvernig mun fara. Nú er góður tími til að rjúfa þessar slæmu hefðir eða hætta að eltast við það sem þú veist að muni valda þér vonbrigðum!

♎ Vog

23.09. – 22.10.

Kæra Vog. Þú þarft helst að fara að rukka fyrir þessa sálfræðitíma en Vogin er sérstaklega lagin við það að draga allan andskotann upp úr fólk. Vikan endar í sérlega góðum trúno. Passaðu ráðin sem þú gefur því fólk mun fara eftir þeim.

♏ Sporðdreki

23.10. – 21.11.

Fylltu þitt eigið rauðvinsglas áður en þú fyllir á hjá næsta manni eða hvernig sem hugtakið var aftur. En allavega þá er þessi vika góð til að hlaða batteríin og huga fremur að sjálfri/um sér en öðrum. Hinir mega bíða, líka börnin ...

♐ Bogmaður

22.11. – 21.12.

Elsku upptekni Bogmaður. Ertu ekki örugglega kominn með aðstoðarmanninn í þetta erilsama líf þitt? Kannski ekkert svo vitlaus hugmynd, enda var einn snjallur Bogmaður sem sagði við mig eitt sinn að þiggja aðstoð, þannig maður geti sinnt því sem maður er bestur í. Farðu eftir eigin ráðum, litli meistari.

♑ Steingeit

22.12. – 19.01.

Góð vika til þess að rækta innra barnið. Maður er aldrei of gamall til þess að fara í „yfir“. Þér finnst þú föst/fastur í einhverju formi og þráir að brjótast út úr þessu hugarfangelsi. Hættu að hugsa um það og planaðu eitthvað skemmtilegt.

♒ Vatnsberi

20.01. – 18.02.

Þú finnur fyrir smá tótleika þessa vikuna þannig að við mælum með hugleiðslu og andlegu spa! Farðu berfætt/ur út í náttúruna og jarðtengdu þig til þess að tengjast aftur betur við sjálfa/n þig og langanir þínar.

♓ Fiskur

19.02. – 20.03.

Hugsðu upphátt, elsku Fiskur, og fáðu einhvern til þess að ritskoða reiðipóstinn áður en það verður að fréttæfni. Fiskurinn er alltaf vinamargur því við elskum hvað þú ert skemmtilega klickaður en við vinirnir kunnum að meta það best því við þekkjum þig.

ÁKVEÐINN STÓRLEIÐA- BRAGUR Á TREYJUNNI

Mynd af nýju landsliðstreyju íslenska karlalandsliðsins í fótbolta lak á netið fyrr í vikunni en ekki var ráðgert að kynna treyjuna fyrr en í júní. Heitar umræður um fegurðarmat á treyjunni fór strax á flug.



MYND/AÐSEND

ARNAR MÁR JÓNSSON FATAHÖNNUÐUR

LÍKLEGUR TIL ÞESS AÐ KAUPA TREYJUNA

„Að mínu mati er landsliðstreyjan vel heppnuð. Líklega fyrsta treyja sem ég mun kaupa mér í langan tíma. Nýja merkið kemur mjög vel út, prentið á búningnum sjálfum flott og kraginn klassískur. Frekar auðvelt að kunna vel við þetta allt saman. Það er ekki verið að reyna að finna upp hjólið, sem er kannski gott þar sem okkur Íslendinga hefur vantað klæðilega treyju í langan tíma. Ég vona að efnið verði nýstárlegt og muni kannski vera með aðeins meiri framtíðarsýn. Heilt yfir, mjög vel gert!“

GUÐMUNDUR JÖRUNÐSSON FATAHÖNNUÐUR

TÍUNDI ÁRATUGURINN Í TÍSKU

„Mér líst hrikalega vel á þessa nýju treyju og einnig á nýja barmmerkið af landvættunum. Það hafa margir bent á að grafíkin á treyjunni minni á sætisáklæði í rútu og vil ég benda á að tíundi áratugurinn er mjög mikið í tísku núna svo þessi grafík er bara akkúrat tíðarandinn núna. Endurhönnunin á landvættunum minnir mig svolítið á hollenska barmmerkið og hefur þessa tribaltilfinningu sem Puma vinnur með. Það verður svo auðvitað mjög spennandi að sjá heildarútkomuna, stuttbuxurnar og sokkarnir skipta auðvitað miklu máli, en þetta virðist vera loksins komið í góðar hendur.“



MYND/ERNIR



Myndin fræga sem Puma birti óvart á vefsíðu sinni.

MYND/AÐSEND

ÁSA MARÍA REGINSDÓTTIR ATHAFNAKONA OG EIGINKONA EMILS HALLFREDSSONAR LANDSLIÐSMANNS

LANDVÆTTIRNIR SKORA

„Ég er fyrst og fremst ánægð að sjá Ísland í Puma – og fylgja þannig í fótspor stórlíðs Ítalíu. Mér finnst treyjan fallega blá, stuðlabergíð viðeigandi, vaffhálsmálið er alltaf gott og landvættirnir skemmtilegt „touch“. Allt mjög íslenskt og vel gert. Ég var með tvo landsliðsmenn hjá mér þegar ég var innt eftir álit og þeir voru ánægðir með þetta útlit ef rétt reynist. Mér finnst vera ákveðinn stórlíðabragur á treyjunni og ég held að þetta sé bara byrjunin á einhverju enn betra. Mér sýnist því íslenska landsliðstreyjan koma fersk undan COVID-19 og bera vott um góða tíma og bjartsýni fyrir það sem koma skal.“



MYND/ERNIR

ELÍSBET GUNNARS VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR OG EIGANDI TRENDNET.IS

GOTT AÐ FARA ÚR ERREA

„Mér finnst mjög jákvætt að skipta yfir í Puma frá Errea – next level! Börnin mín byrja örugglega að suða bráðlega. Blái liturinn á þessari er mun fallegri en sá gamli og mér finnst treyjan hafa eitthvert útlenskt yfirbragð, líklega franskt frekar en ítalskt. Það er þó jákvæður punktur þar sem þessar þjóðir eru þekktar fyrir fallega búninga. Annars finnst mér lyklatríði að búningurinn sé látlaus svo að sem flestir geti klæðst honum, hvort sem það eru börnin mín, ég sjálf eða afi og amma. Að því sögðu finnst mér að það megi fara varlega í þessa grafík og passa að hafa hana ekki of ýkta. Ég er nokkuð sátt og miðað við þessar fyrstu myndir þá held ég að við megum hlakka til að klæðast þessari ágætu treyju – áfram Ísland!“



MYND/VALLI

LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR LEKTOR I FATAHÖNNUN OG EIGANDI SCINTILLA

ENGIN ÁHÆTTA

„Nýi bolurinn er aðeins betri en sá síðasti og miklu betri en bolurinn þar á undan. Það má sjá í honum veikt ekkó frá hinum frábæru bolum Nígeríu á HM í Rússlandi 2018. Ég fagna því sem munsturhönnuður að það sé verið að nota prentað símunstur þó að ég hefði viljað sjá meiri framsækni við hönnun þess og hugsanlega einhverja tengingu á notkun forma við land og þjóð. Fyrirnefndir bolir Nígeríulíðsins miðluðu afrískri gleði, framsækni, hugrekki og sjálfstrausti. Það hefði verið frábært að gera eitthvað sem hefði miðlað slíkum hugmyndum með jafn árangursríkum hætti og þá við hönnun íslenska bolsins. Ef ég á að tengja einhver orð við þennan bol þá dettur mér einfaldlega mjög fátt í hug! Þarna er ekki verið að taka neina áhættu. Þetta verður ekki eftirminnilegur bolur. En hann er ekki vandræðalega vondur. Ég hefði einnig viljað sjá meiri samfélagslega ábyrgð hjá KSÍ varðandi val á samstarfsfyrirtæki. Puma er með starfsemi á hernumdu landi í Ísrael. Það þýðir að Puma hagnast beint á áratuga löngu hernámi Ísraela, landráni þeirra og mannréttindabrotum á palestínsku þjóðinni. Það er ekki fallegt að hafa það fyrirtæki sem bakland landsliðsins í fótbolta. Gerið betur!“



MYND/ANTON BRINK



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænin innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SAND KORN



MYND/STEFÁN

Bjartasta vonin Bríet á lausu

Ein efnilegasta söngkona landsins er á lausu. Bríet Ísis Elfar vakti fyrst athygli í Iceland Got Talent og var valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2019. Bríet þykir hafa einstakan stíl bæði í tónlist og tísku. Hún er ekki bara gullfalleg heldur hæfileikarík með eindæmum og var um árabíl í sambandi með Halldóri Karlssyni. Halldór, eða Dóri eins og hann er kallaður, er sjálfur undrabarn á sínu sviði en hann hefur gert garðinn frægan í ýmsum íþróttum og líkamsrækt, auk þess sem hann hefur daðrað við leiklist og þykir í alla staði efnilegur.



MYND/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

Barnalegar bætur

Í dag verða greiddar út inn eignir í tengslum við álagningarseðla einstaklinga. Að sama skapi fá þeir sem skulda skell. Í dag er einnig greiddur út sérstakur barnabótaauki, ýmist 30 eða 42 þúsund krónur, til allra framfærenda barna. Ekki þarf að sækja um sérstakan barnabótaauka heldur verður hann liður í heildar niðurstöðu álagningar. Þar að auki verða gefnar út ferðaávísanir í júní að verðmæti 5.000 krónur á einstakling. Það má því kannski gera vel við fjölskylduna um helgina. ■



Búið að borga?

LOKI

BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA
OG STOFNANIR**

HÁPRÝSTIPVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR

FLÍSALÖGN

MÁLUN

HELLULAGNIR

HJÓL ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – Alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

kjörvari STEINVARI